



BA ritgerð
Félagsráðgjöf

Börn sem brjóta á börnum

Börn sem beita kynferðisofbeldi og úrræði þeim innan handa

Höfundur: Helga Katrín Hjartardóttir

Leiðbeinandi: Freydís Jóna Freysteinsdóttir
Júní 2018



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Börn sem brjóta á börnum
Börn sem beita kynferðisofbeldi og úrræði þeim innan handa

Helga Katrín Hjartardóttir

200788-3039

Lokaverkefni til BA-gráðu
Leiðbeinandi: Freydís Jóna Freysteinsdóttir

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2018

Börn sem brjóta á börnum: Börn sem beita kynferðisofbeldi og úrræði þeim innan handa

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í Félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Helga Katrín Hjartardóttir, 2018

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2018

Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um skilgreiningar á kynferðislegu ofbeldi og mun á eðlilegri og óeðlilegri kynhegðun barna. Farið er yfir þau lög sem snúa að þeim málaflokki og farið yfir tíðni brota þar sem gerandi er yngri en 18 ára. Fjölmargar kenningar hafa reynt að útskýra kynferðislegt ofbeldi og er hér farið yfir tengslakenninguna, félagsnámskenninguna og vistfræðilíkanið. Fjallað er um hvað einkennir unga gerendur, mun á drengjum og stúlkum sem gerendum og sérkenni gerenda sem brjóta á systkinum sínum. Einnig er farið yfir áhættuþætti sem spáð geta fyrir um að barn brjóti á öðru barni. Farið er yfir hvaða meðferðarúrræði eru í boði fyrir þessi börn bæði héraendis og erlendis en meðferð er nauðsynleg til að koma megi í veg fyrir að barn endurtaki brot sín. Félagssráðgjafar eru sérmenntaðir í vinnslu barnaverndarmála og verður fjallað um hvernig félagssráðgjafar gætu komið frekar að þessum málum hér á landi.

Formáli

Leiðbeinandinn minn í þessu verkefni var Freydís Jóna Freysteinsdóttir og vil ég byrja á að þakka henni fyrir gagnlegar og góðar athugasemdir og leiðbeiningar sem hún veitti mér í gegnum ferlið. Ég vil þakka manninum mínum Hlyni Pálssyni fyrir að vera mín stoð og stytta og hafa trú á mér, sérstaklega þegar ég hafði það ekki sjálf. Ég vil þakka foreldrum mínum og tengdaforeldrum fyrir ómetanlegan stuðning og ekki síst fyrir alla hjálpina með þösson á meðan ég vann í þessu verkefni. Sérstaklega vil ég þakka pabba fyrir að lesa yfir öll verkefni mín í gegnum námið og gefa mér góð ráð. Einnig vil ég þakka yndislegu vinkonum og samnemendum mínum Írisi, Lilju og Margréti Petru fyrir frábært samstarf og stuðning í gegnum námið.

Efnisyfirlit

Útdráttur	5
Formáli	6
Efnisyfirlit	8
1 Inngangur	9
2 Kynferðisofbeldi	10
2.1 Kynferðisofbeldi gegn börnum.....	10
2.2 Tíðni.....	13
2.3 Kynferðisleg hegðun barna	15
3 Lagaleg réttindi barna	16
3.1 Hegningarlög	16
3.2 Barnalög og barnaverndarlög.....	18
3.3 Barnasáttmáli Sameinuðupjóðanna	18
4 Kenningar sem tengjast kynferðislegu ofbeldi	19
4.1 Tengslakenning John Bolwby og Mary Ainsworth.....	19
4.2 Kenning um félagsnám	21
4.3 Vistfræðilíkanið	22
5 Börn sem gerendur	23
5.1 Munur á drengjum og stúlkum sem gerendum	25
5.2 Áhættuþættir	26
5.3 Börn sem brjóta á systkinum sínum	27
6 Úrræði	29
6.1 Úrræði hér á landi	31
6.2 Úrræði erlendis	32
7 Starf félagsráðgjafa með gerendum á barnsaldri	34
8 Umræða	36
9 Heimildaskrá	39

1 Inngangur

Kynferðisofbeldi er eitthvað sem allir láta sig varða. Umræðan um kynferðisofbeldi hefur verið mikil síðastliðin ár en líklega aldrei jafn mikil og nú í kjölfarið á #metoo umræðunni. Umræðan í dag snýst mikið um að opna á reynslu kvenna af kynferðisofbeldi og oftast en ekki fylgir sú krafa að refsar verði gerendum á viðeigandi hátt.

Lengi vel voru kynferðisbrot, sérstaklega brot gegn börnum ósýnileg og margir efuðust um að þau ættu sér í stað í raun og veru. Því var erfitt fyrir þolendur að leita réttar síns og oft urðu þeir fyrir miklum fordómum og voru jafnvel látnir bera hluta sakarinnar (Helgi Gunnlaugsson, 2011).

Hérlendis hefur umræðan að mestu snúið að fullorðnum gerendum kynferðisbrota. Málefni yngri geranda hafa þó verið að koma meira í umræðuna sérstaklega í ljósi aukningar á tilkynningum mála til Barnahúss og lögreglu þar sem gerandinn er undir 18 ára aldri. Tölur frá Barnahúsi sýna að á meðaltali koma 47 mál til kasta þeirra á ári hverju þar sem gerandinn er á barnsaldri sjálfur (Ólafur Örn Bragason, 2011).

Fyrir nokkrum áratugum síðan þekktust ekki kynferðisbrot þar sem gerandinn var barn. Óæskileg kynhegðun var flokkuð sem strákapör og eitthvað sem börn myndu vaxa upp úr. Það er hins vegar ljóst að kynferðisbrot valda yfirleitt miklum andlegum, líkamlegum og sálrænum skaða. Börn sem beita kynferðisofbeldi eru líkleg til að halda því áfram ef þau fá ekki meðferð. Því er mikilvægt að veita þessum börnum og fjölskyldum þeirra stuðning til að hægt sé að stöðva hegðunina (Rich, 2012).

Tilgangur þessarar ritgerðar er að skoða þá þætti sem einkenna börn sem brjóta kynferðislega á öðrum börnum og hvort hér á landi sé til meðferð fyrir þennan hóp og hvers eðlis hún sé. Leitast verður við að svara eftirfarandi spurningu: Hvað einkennir börn sem beita óæskilegri kynhegðun og hvaða úrræði bjóðast þessum börnum?

Ritgerðinni er skipt upp í nokkra kafla. Fyrsti kafli fjallar um ýmsar skilgreiningar sem til eru á kynferðisofbeldi, tíðni brota ungra geranda og einnig verður fjallað um kynhegðun barna. Annar kafli fjallar um lög er varða kynferðisbrot sem snúa að börnum. Í þriðja kaflanum er farið yfir kenningar í félagsráðgjöf sem geta útskýrt hegðun geranda. Fjórti kafli fjallar um gerendur, muninn á drengjum og stúlkum sem gerendum og sérstöðu mála þar sem börn brjóta á systkinum sínum. Sjötti kafli fjallar síðan um úrræði fyrir gerendur, þar sem farið verður yfir þau úrræði sem eru í boði hérlendis og einnig snert á þeim

úrræðum sem bjóðast í Bandaríkjunum. Sjöundinn kafli fjallar um aðkomu félagsráðgjafa að þessum málum. Að lokum verður efni ritgerðarinnar tekið saman og rædd í umræðukafla.

2 Kynferðisofbeldi

Fræðimenn eru ekki allir á sama máli þegar kemur að skilgreiningum á kynferðislegu ofbeldi og má ætla að það sé vegna mismunandi viðmiða og gilda sem ríkja í þjóðfélögum (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2011). Kynferðislegt ofbeldi getur líka komið fram á mismunandi hátt, þar með talið nauðgun, kynmök með barni undir 15 ára, vændi, sífjaspell og kynferðisleg áreitni (Lovísa Arnardóttir, 2013; Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2013).

Samkvæmt hefðbundnu skilgreiningunni í Ensku sameiginlegu lögunum (e. english common law) taldist það nauðgun þegar maður sem ekki var giftur eða sambýlingur konu neyddi hana til kynferðismaka. Flestir lagabálkar hafa þó í tímananna rás tekið breytingum til að koma til móts við breytt viðhorf og taka tillit til þess að nauðgun er ekki eina tegund kynferðisofbeldis og ekki einungis konur verða fyrir ofbeldinu. Lögin hér á landi eru í samræmi við germanskar réttarhefðir þar sem ofbeldi, hótanir og misbeiting eru tilgreind í lögunum. Í engilsaxneskum réttarhefðum er nauðgunarhugtakið hins vegar skilgreint út frá skorti á samþykki (Siegel, 2014; Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, 2009).

2.1 Kynferðisofbeldi gegn börnum

Ákveðin viðmið eru oft notuð þegar meta á hvort einstaklingur hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku. Þau viðmið eru eftirfarandi 1) Hver aldur þolanda er þegar ofbeldið átti sér stað, 2) hvernig birtingarmynd ofbeldisins er, hvort kynferðisofbeldi sem ekki inniheldur snertingu sé talið með, 3) Aldursmunur geranda og þolanda, algengast var að miðað væri við að minnsta kosti fimm ára aldursmun 4) Hvort líkamlegu valdi hafi verið beitt (Hulme, 2004).

Hulme (2004) tekur í yfirlitsrannsókn sinni undir fyrstu tvö atriðin en gagnrýnir hin seinni. Hún heldur því fram að líkamleg valdbeiting sé ekki skilyrði fyrir því að barn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi. Einnig það að miðað sé við að gerandinn sé eldri en þolandinn, jafnvel fimm árum eldri. Hún telur ekki rétt að einungis að eðlilegir kynferðislegir leikir barna séu útilokaðir með þessum aldursmun heldur líka kynferðislegt ofbeldi milli jafnaldra og systkina.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) felur ill meðferð á börnum í sér hverskyns ofbeldi og vanrækslu tilfinningalega eða líkamlega sem skaðar eða getur skaðað heilsu, þroska eða reisu barns og þá sérstaklega ef gerandi tengist barninu með trúnaði, ábyrgð eða trausti. Kynferðislegt ofbeldi er skilgreint sem kynferðisleg athöfn sem barn tekur þátt í og getur ekki gefið samþykki fyrir, skilur ekki, hefur ekki vitsmunalegan þroska til að taka þátt í eða annað sem brýtur í bága við lög og viðmið í hverju samfélagi. WHO tekur einnig fram að ekki einungis fullorðnir einstaklingar geti beitt börn kynferðislegu ofbeldi, heldur einnig önnur börn sem eru eldri en barnið sem fyrir ofbeldinu verður (Butchart, Harvey, Mian og Furniss, 2006).

Hér á landi er kynferðislegt ofbeldi skilgreint sem ýmsar kynferðislegar athafnir sem brotið geta á börnum. Nauðgun eða kynmök með barni undir 15 ára án þess að líkamlegu valdi sé beitt, vændi, sífjaspell og kynferðisleg áreitni eru allt dæmi um slíkt ofbeldi. Gerendur í kynferðisbrotum eiga það sameiginlegt að telja að þarfir sínar standi þörfum þolenda frammar, þeir gera lítið úr rétti þolenda og tilfinningum þeirra. Á meðan þolendur upplifa skömm, hræðslu, sekt og fleiri neikvæðar tilfinningar, leitast gerendur eftir því að ná yfirráðum. Börn hafa hvorki skilning né þroska til að veita samþykki sitt og mikilvægt er að muna að yngri börn gera sér stundum ekki grein fyrir að verið sé að brjóta á þeim. Gerandi hefur ætíð stjórn á aðstæðum og nýtir sér ýmsar aðferðir svo sem með því að gefa gjafir, eða vera með hótanir og ofbeldi, til að tryggja sér þagmælsku barns (Lovísa Arnardóttir, 2013; Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2013).

Barnaverndaryfirvöld hér á landi notast við skilgreiningar og flokkunarkerfi í barnavernd. Þar er misbrestur í uppeldi barna skipt niður í vanrækslu sem er skortur á athöfn sem veldur eða getur skaðað heilsu og þroska barns og ofbeldi, þar sem athöfn af hendi forsjáraðila eða annars aðila veldur eða getur valdið skaða á heilsu og þroska barns. Undirflokkar ofbeldis eru síðan líkamlegt ofbeldi, tilfinningalegt ofbeldi og kynferðislegt ofbeldi. Kynferðislegt ofbeldi felur það í sér að aðili fær barn til að sinna sínum eigin kynferðislegum þörfum, eða misbýður barni með athugasemdum eða athöfnum af kynferðislegum toga. Kynferðislegt ofbeldi er kynferðislegt athæfi gagnvart barni sem ekki hefur náð 15 ára aldri hvort sem það er með eða án samþykki barnsins. Kynferðislegt athæfi gagnvart barni 15 ára eða eldra án vilja barnsins flokkast einnig undir kynferðislegt ofbeldi (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012).

Anni G. Haugen og Hrefna Friðriksdóttir (2014) bæta við að einnig sé um kynferðisbrot að ræða ef einstaklingur nýtir sér stöðu sína svo sem vegna trausts, tengsla, valds eða með áhrifum til að brjóta á barninu. Einnig ef gerandi beitir blekkingum, gjöfum eða tælir barn á annan hátt til að taka þátt í kynferðislegum athöfnum. Brot þykja sérstaklega alvarleg ef þau beinast að barni þar sem gerandinn er í fjölskyldutengslum við það, eða að samband geranda og þolanda sé þannig að sérstakt trúnaðartraust eigi að ríkja.

Eins og þegar hefur komið fram getur verið gerður greinamunur á því hvort ofbeldið feli í sér snertingu eða ekki. Dæmi um kynferðisbrot sem felur í sér snertingu er tilraun til innþrengingar í munn, leggöng eða endaparm, munnmök auk káfs og þukls. Kynferðislegt ofbeldi sem felur ekki í sér snertingu er til dæmis þegar barn er látið horfa á fullorðinn fróa sér, klúrt tal eða þegar barni er sýnt klámefni (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012; Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2013).

Í skilgreiningar og flokkunarkerfi barnaverndar er kynferðisbrot gegn barni flokkuð niður í þrjú alvarleikastig. Þau eru eftirfarandi (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012):

1. stigið er jafnframt það alvarlegasta. Undir það fellur ef barni eru veitt munnmök eða barn látið veita munnmök. Samræði við barn bæði í leggöng eða endaparm falla einnig undir þetta stig.
2. stigið felur í sér þukl innan klæða á kynfærum og svæðum kringum kynfæri barns. Barn fengið til að þukla innan klæða á kynfærum eða á svæðum kringum kynfæri á geranda.
3. stigið er það vægasta. Undir það falla ýmis vægari kynferðisbrot gegn barni eins og ef horft er á kynfæri barns eða þegar barn er fáklætt í kynferðislegum tilgangi. Barn er látið horfa á kynfæri fullorðins einstaklings eða á kynferðislega athöfn svo sem klám. Þuklað er á kynfærum eða svæðum kringum kynfæri barns utan klæða eða barn látið þukla á kynfærum eða svæðum kringum kynfæri fullorðins einstaklings. Teknar eru myndir af barni í kynferðislegum tilgangi. Barni sagðir klúrir brandarar eða send klúr skilaboð.

Eins og áður hefur komið fram hefur það að skilgreina kynferðisbrot út frá mismun í aldri geranda og þolenda verið gagnrýnt. Rannsóknir hafa sýnt að æskilegt sé að skilgreina kynferðislegt ofbeldi út frá aldri þolenda og hversu alvarleg athöfnin er. Ekki er þörf á að gerandinn beiti valdi heldur að gerandi nýti sér aðstöðu sína, vegna aldurs, þroska eða annarar stöðu gagnvart þolanda (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2011). Ljóst er að kynferðislegt ofbeldi getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér, en þó er talið að ef gerandi og þolandi séu mjög nálægt í aldri geti afleiðingarnar verið vægari (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2013).

2.2 Tíðni

Erfitt er að bera saman rannsóknir á tíðni misnotkunar á börnum vegna þess hve ólíkar þær eru aðferðafræðilega séð. Því er tíðni oft gefinn upp í bilum, frá neðri mörkum til efri marka.

Árið 1994 tók Finkelhor saman niðurstöður rannsókna um misnotkun barna frá 21 landi. Þar kom fram að misnotkun á bæði stúlkum og drengjum hefði átt sér stað í öllum löndunum en tíðni þess verið mismunandi eftir löndum. Árið 2004 var gerð rannsókn hér á landi og kom þar fram að hærra hlutfall karla og kvenna sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur heldur en aðrar rannsóknir á Norðurlöndunum bentu til og voru það rúmlega þriðjungur kvennanna og tæpur fimmtungur karla sem greindu frá slíku ofbeldi (Hrefna Ólafsdóttir, 2011).

Í rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur (2011) kom fram að 10% gerenda í kynferðisbrotum hér á landi voru yngri en 15 ára og 21% voru á aldrinum 15-20 ára. Einnig kom fram að sá hópur sem einna helst brýtur á drengjum er á aldrinum 15-20 ára. Meiri hluti gerenda í rannsókninni eru fullorðnir karlmenn sem þekkja þolandann. Munur á aldri milli gerenda og þolenda var allt frá því að þeir séu jafngamlir til þess að gerendur séu mun eldri en þolendur.

Hér á landi benda tíðnitölur til að allt að 20% kynferðisbrota séu framin af einstaklingum undir 18 ára aldri (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006). Hafa ber í huga að langfæst kynferðisbrot gegn börnum eru tilkynnt og enn síður ef gerandi er á barnsaldri, því gefa tíðnitölur ekki fulla mynd af vandanum. Opinberar tölur frá Bandaríkjunum gefa til kynna að gerendur kynferðisbrota sem eru á unglingsaldri beri ábyrgð á um þriðjungu brota þar sem þolandinn er einnig á unglingsaldri. Mikil aukning verður á brotum barna eftir 12 ára aldur en einn af hverju átta ungum gerendum er undir þeim aldri. Kynferðisbrot geta valdið miklum og slæmum erfiðleikum fyrir þolandann svo sem vanlíðan, skömm og erfiðleikum í

nánum samböndum. Slíkar afleiðingar geta dregið úr vilja þolenda til að tilkynna brot á sér (Ólafur Örn Bragason, 2011).

Kynferðisbrot barna hafa ekki verið mikið rannsökuð hér á landi en í tölum frá Barnahúsi frá árunum 2006-2009 kom fram að árlega væri að meðaltali 47 málum vísað til Barnahúss þar sem meintur gerandi væri undir 18 ára aldri. Í þeim málum sem voru kærð til lögreglu þar sem gerandi var á barnsaldri var mikill meirihluti þeirra drengir eða um 92%. Færri brot voru tilkynnt til lögreglu en Barnahúss og getur það verið vegna aldurs gerenda, skerts vitsmunapróska eða þá að foreldrar þolenda leggist eindregið gegn því að brotið verði kært. Slíkt þekkist einkum ef brotþoli og gerandi eru systkini (Ólafur Örn Bragason, 2011). Tölur frá Barnaverndarstofu sýna að á árunum 2013-2018 hafa beiðnir um meðferð vegna óviðeignadi kynhegðunar barna verið á bilinu 10 til 18 á hverju ári (Barnaverndarstofa, 2017).

Í tölum FBI um glæpatíðni í Bandaríkjunum kom fram að 17 - 18% allra gerenda kynferðisbrota sem handteknir voru árið 2008 voru undir 18 ára aldri. Þetta er svipað hlutfall og kom fram í tölum tíu árum áður hjá sömu stofnun (Rich, 2011). Í rannsókn á einkennum og meðferð nauðgunarmála innan réttarkerfisins hér á landi kom fram að 7% þeirra sem höfðu nauðgað öðrum einstaklingi voru börn undir 18 ára aldri (Edda: Center of Excellence, 2013).

Rannsóknir hafa einnig sýnt að margir þolendur sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi sem börn, tilkynna ekki brotið eða gera það þegar langt er liðið frá því. Fullnægjandi kynfræðsla af hendi foreldra virðist þó geta aukið líkur á að barn tilkynni brot (Barnett, Miller-Perrin og Perrin, 2011).

Tölur frá könnun Barnaverndarstofu og Rannsókn og greiningu við Háskólann í Reykjavík frá árinu 2006 benda til þess að áhorf barna, sérstaklega ungra pilta á klám sé mikið, þannig horfi um 78% ungra pilta reglulega á slíkt efni og 37% horfi á það oftár en þrisvar í viku. Viðhorf til kynlífs hjá þeim börnum sem horfa á klám, mótast verulega af þessu áhorfi. Eru þau líklegri að til að finnast eðilegt að hafa samræði við marga einstaklinga sama kvöld og einnig að finnast ekkert athugavert við að stunda kynmök einungis til skemmtunar án nokkurra tilfinningalegra tengsla. Íslensk rannsókn frá 2010 á ungmönnum sem höfðu brotið kynferðislega af sér af sér sýndi að drengir voru tvisvar sinnum líklegri en stúlkur til að þvinga, tala til eða neyða einhvern til kynferðislegra athafna (Ólafur Örn Bragason, 2011).

Í rannsókn Freydísar Jónu Freysteinsdóttur og Ástrósar Erlu Benediktsdóttur (2017) kom fram að rúmlega 86% framhaldsskólanema hafa séð klám sem er aukning frá fyrri rannsóknum hér á landi. Hátt í 99% karlkyns svarenda í þeirri rannsókn hefur séð klám en um 73% kvenna. Í þeirri rannsókn kom fram að meðalaldur ungmenna var 13 ára þegar þau sáu klám í fyrsta skipti og voru drengir marktækt yngri en stúlkur þegar þeir sáu klám fyrst.

2.3 Kynferðisleg hegðun barna

Flest börn sýna kynhegðun af einhverju tagi fyrir 13 ára aldur og er flest sú hegðun eðlileg. Börn eru forvitin og hafa áhuga á líkama sínum og annarra. Algengasta form kynferðislegrar hegðunar hjá systkinum er þukl á líkómum hvors annars. Það sem er mikilvægt að hafa í huga þegar kemur að kynferðislegum leikjum barna er að börnin séu á svipuðum aldri og þroskastigi. Einnig er mikilvægt að þau börn sem taka þátt í slíkum leikjum séu að gera það sjálfviljug. Þessi hegðun kemur fram öðru hverju og er almennt ekki ítrekuð. Börn upplifa sjaldan skömm, ótta eða mikla sektarkennd séu þessi leikir eðlilegir. Séu börn staðin að verki við slíka leiki geta þau hætt þeim alveg eða hætt að stunda þá í návist fullorðinna (Barnahús, e.d.; Barnett, o.fl., 2011).

Óeðlileg kynhegðun barns á leikskólaaldri er meðal annars ef barn reynir að afklæða einstakling með valdi, samfarir eru leiknar án fata og munnleg snerting við kynfæri. Kynhegðun barna er oftast sýnilegust á aldrinum tveggja til fimm ára, eftir það dregur yfirleitt úr sýnileika hennar. Eldri börn sýna líka kynhegðun, en hún er oftast meira falin og fellur frekar undir norm samfélagsins. Ekki er eðlilegt að barn í yngstu stigum grunnskóla neyði börn eða fullorðna til að snerta sig á kynferðislegan hátt (Barnahús, e.d.; Murrie, 2012). Mikilvægt er að muna að langflest kynhegðun barna er heilbrigð og eðlegur hluti af þroska þeirra. Það er sjaldgjæft að þessi kynferðislega forvitni skaði önnur börn á nokkurn hátt (Ólafur Örn Bragason, 2011).

Þegar kemur að kynhegðun unglinga hafa fæst börn haft samfarir fyrir unglingsaldur. Rannsókn á vegum smitsjúkdómamiðstöðvar Bandaríkjanna (e. Center of disease control) sýndi að 6% nemenda sagðist hafa haft samfarir fyrir 13 ára aldur. Eftir því sem aldur hækkar, því fleiri stunda kynferðisleg hegðun. Meðalaldur fyrstu samfara í þeirri könnun er 17 ár. Drengir hafa fyrstu samfarir yfirleitt við stúlku á svipuðum aldri eða yngri en stúlkur yfirleitt með eldri karlmanni. Stór hluti nemenda lýsir því í bandarískri rannsókn á fjölskylduvexti (e. National survey of family growth) að þau hafi blendnar tilfinningar

varðandi fyrstu samfarir og 7-9% segja að þau hafi ekki verið samþykkt samförunum. Hlutfallið var hærra hjá stúlkum sem voru yngri þegar þær höfðu fyrstu samfarir (Murrie, 2012).

Ljóst er að kynferðislegt ofbeldi er nokkuð algengt og þrátt fyrir að gerendur séu í flestum tilfellum fullorðnir karlmenn eru mál þar sem barn brýtur á öðru barni einnig nokkuð algengt. Áhorf íslenskra unglinga á klám er áhyggjuefni sérstaklega í ljósi áhrifa þess á viðhorf þeirra til kynlífs. Þegar kemur að kynhegðun barna er hún í flestum tilfellum eðlileg. Þegar koma upp atvik þar sem kynhegðun barns er ekki í samræmi við aldur þess og þroska er nauðsynlegt að leita til fagmanna til að aðstoða bæði þolanda og geranda (Ólafur Örn Bragason, 2011).

3 Lagaleg réttindi barna

Í þessu kafla verður fjallað um þau lög á Íslandi sem snúa að kynferðisofbeldi gegn börnum. Auk þess verður fjallað um þá hluta Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland hefur fullgilt, sem snúa að kynferðisofbeldi .

3.1 Hegningarlög

Breytingar hafa orðið á löggjöfinni hér á landi sem snýr að kynferðisbrotum. Árið 2007 urðu viðamiklar breytingar sem komu í kjölfar umræðu í þjóðfélaginu sem snéru að því að enginn vafi léki á hversu skaðleg þessi brot væru fyrir þolendur og samfélagið allt. Má segja að í kjölfarið hafi þolendur kynferðisofbeldis fengið einskonar uppreist æru þegar þessar breytingar urðu. Breytingarnar fólu til dæmis í sér rýmkun á hugtakinu nauðgun. Þar sem meðal annars er nú einnig skilgreint sem nauðgun ef þolandinn getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans. Með þessum breytingum munu fleiri brot sem framin eru á börnum yngri en 18 ára ekki fyrnast, sem annars hefði verið ef hugtakið hefði haldist óbreytt. Refsing fyrir kynferðisbrot gegn barni var hert og að sama skapi segir nú að ungur aldur þolenda skuli leiða til þyngingar við ákvörðun refsingar. Einnig var kynferðislegur lágmarksaldur hækkaður um eitt ár og refsiverndin rýmkuð um eitt ár upp í 15 ára aldur (Helgi Gunnlaussón, 2011; Svala Ísfeld Ólafsdóttir, 2011).

Sakhæfisaldur hér á landi er 15 ár samkvæmt almennum hegningarlögum nr.19/1940. Sem þýðir að hægt er að dæma börn á aldrinum 15 - 18 ára til refsingar. Barnaverndarstofa

hefur sérhæfð úrræði á sínum snærum fyrir börn sem hljóta refsidóma og er skylt að veita þeim viðeigandi meðferð og tryggja öryggi þeirra. Í reglugerð um afplánun sakhæfra barna nr.533/2015 segir að Barnaverndarstofa skuli ákveða meðferðarstað fyrir sakhæft barn þar sem litið er til meðferðaparfa, lengdar og eðli refsingar og öryggissjónarmiða. Vista má barn í afmörkuðum hluta meðferðarheimilis ef það er talið hættulegt sjálfu sé eða öðrum, er með sérstakar þarfir sem krefjast þess, það sýnir af sér ógnandi hegðun eða hefur truflandi áhrif á meðferð annarra vistamanna. Slík vistun er eingöngu gerð í kjölfar mats sérfræðings samkvæmt skilgreindu matstæki Barnaverndarstofu og er reynt að hafa hana sem stysta. Í reglugerðinni um afplánun sakhæfra barna segir einnig að ef fagaðilar telja er að það sé barni fyrir bestu og lúti hagsmunum þess að vera vistað í fangelsi fremur en í öðrum úrræðum, er það gert. Ákvörðun um vistun í fangelsi verður að vera vegna sérstakra aðstæðna og vera í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Leitast á við að barnið sé vistað í opnu fangelsi og hefur barnaverndarnefnd það hlutverk að fylgjast með líðan barnsins meðan það situr inni.

Samkvæmt 194.gr. XXII kafla almennra hegningarlaga telst sá einstaklingur sekur um nauðgun sem með hótunum, ofbeldi eða nauðung hefur samræði eða önnur kynferðismök við annan einstakling og getur hlotið allt að 16 ára fangelsisdóm. Einnig telst það til kynferðisbrots að nýta sér að einstaklingur getur ekki spornað við verknaðinum eða skilur ekki þýðingu hans vegna fötlunar, geðsjúkdóms eða annars ástands. Að auki kemur það til þyngingar dóms ef glæpurinn þykir stórfelldur eða ef þolandi er barn yngri en 18 ára. Þynging dóms getur einnig átt við ef gerandi nýtir sér trúnaðarsamband sitt við þolanda til að fá hann til kynferðissambands.

Stígamót álíta sífjaspell einn af alvarlegustu glæpum sem beinast gegn börnum og unglíngum. Samkvæmt Stígamótum eru það nær einungis karlar sem eru gerendur í sífjaspellsmálum eða í 98% af þeim tilvikum þar sem þolandi leitaði til Stígamóta (Guðrún Jónsdóttir, 2011).

Í 200. og 201. gr. almennra hegningarlaga er kynferðissamband einstaklings við barn sitt eða afkomanda bannað. Kynmök milli systkina varða allt að fjórum árum í fangelsi. Hafi annað eða bæði börnin ekki náð 18 ára aldri þegar atburðurinn átti sér stað er hægt að láta refsinguna niður falla. Í 202.gr. sömu laga er fjallað um þegar brotið er gegn barni yngra en 15 ára. En samræði eða annað kynferðislegt samneyti við barn sem er yngra en 15 ára varðar

allt að 16 ára fangelsi. Séu gerandi og þolandi á svipuðum aldri og á svipuðu þroskastigi má láta refsinguna niður falla. Þar að auki er refsivert að mæla sér mót við barn yngra en 15 ára í kynferðislegum tilgangi, á veraldarvefnum eða með öðrum hætti. Einnig er refsivert að skoða, ná í, dreifa, geyma eða búa til barnaklám og að tæla barn undir 18 ára til kynferðislegra athafna. Telst það til þyngingar refsingar ef gerandi er foreldri barns eða tengist því fjölskylduböndum.

Það er heimilt að dæma til vægari refsingar en lágmarkið segir til um vegna sérstakra aðstæðna. Það á til dæmis við ef gerandi og þolandi ofbeldis eru á svipuðum aldri og þroskastigi. Aldur geranda og þolanda skipta miklu máli þegar meta skal alvarleika brotsins og dæma skal til refsingar. Svo að til refsilækkunar geti komið, þurfa gerendur og þolendur að vera á svipuðu þroskastigi bæði andlega og líkamlega. Hafa ber í huga þegar fjallað er um kynferðisbrot gagnvart börnum eru gerendurnir í sumum tilfellum börn sjálf og er ofbeldið stundum hluti af stærra vandamáli sem oft varðar alla fjölskylduna. Í slíkum málum ættu réttarvörslukerfið og barnaverndarnefndir að vinna saman að því að koma þessum börnum í sérhæfða meðferð (Ragnheiður Bragadóttir, 2011).

3.2 Barnalög og barnaverndarlög

Í 1.gr. barnalaga nr. 76/2003 segir að óheimilt sé að beita barn hverskyns ofbeldi eða vanvirðandi háttsemi. Foreldrum er síðan skylt að vernda börn sín gegn hverskyns ofbeldi eða vanvirðandi háttsemi samkvæmt 28.gr. laganna. Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 segir að barnaverndarnefndir skuli með samþykki foreldra útvega barni stuðning eða meðferð við hæfi. Einnig getur barnaverndarnefnd með samþykki foreldra vistað barn utan heimilis á viðeigandi stofnun eða heimili eftir því sem við á. Ef ekki næst samþykki við foreldra getur barnaverndarnefnd beitt íþyngjandi úrræðum til að skikka barn í meðferð eða til vistunar utan heimilis á stofnun. Þessar stofnanir eiga að taka á móti börnum og tryggja öryggi þeirra vegna meintra afbrota, greina vanda þeirra barna sem eru talin þurfa sérhæfði meðferð og veita börnum sérhæfða meðferð vegna meintra afbrota, hegðunarferfiðleika eða vímuefnaneyslu.

3.3 Barnasáttmáli Sameinuðupjóðanna

Árið 1990 var Samningur sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins undirritaður fyrir Íslands hönd, hann var síðan fullgildur árið 1992. Samningurinn á við börn sem eru yngri en 18 ára

nema að sjálfræðisaldur viðkomandi lands sé annar. Samkvæmt 19. gr. samningsins eiga aðildarríki hans að gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði stjórnslu, löggjafar og félags- og menntunarmála til að vernda börn gegn hvers kyns illri meðferð svo sem vanrækslu, líkamlegu- og andlegu ofbeldi og kynferðislegri misnotkun. Ákvæðið sem snýr mest að kynferðislegu ofbeldi gegn börnum er 34.gr. og segir þar að aðildarríkin muni skuldbinda sig til að vernda börn gegn hverskyns kynferðislegri misnotkun (Davíð Þór Björgvinsson,2011).

Lagaramminn hér á landi er gerður til að vernda fórnarlömb glæpa. Þegar kemur að kynferðisbrotum er ljóst að þau sem beinast gegn börnum þykja alvarlegri en samskonar brot gegn fullorðnum. Það sést á því að hægt er að kveða upp þyngri dóma í brotum gegn börnum. Forsjáraðilum er skylt að vernda börn sín gegn ofbeldi. Því hlýtur tilkynningarskylda foreldra að veita þungt ef þá grunar að barn brjóti á barni sínu, jafnvel þótt gerandinn sé tengdur fjölskyldunni. Börn sem brjóta af sér geta verið dæmd til fangelsisvistar hér á landi en sem betur fer er það frekar undantekning að til slíkra ráðstafana sé gripið og önnur úrræði eru almennt skoðuð fyrst (Davíð Þór Björgvinsson, 2011).

4 Kenningar sem tengjast kynferðislegu ofbeldi

Í þessum kafla verður fjallað um tengslakenningu Bolwby og Ainsworth, félagsnámskenningar og vistfræðilíkan Bronfenbrenner.

4.1 Tengslakenning John Bolwby og Mary Ainsworth

John Bolwby er einna frægastur fyrir framsetningu á tengslakenningu sinni. Kenningin er byggð á því að sú tengsl sem við eigum við umönnunaraðila, oftast móður, í frumbersku hafi áhrif á hvernig tengsl okkar verði í framtíðinni (Beckett og Taylor, 2016). Bolwby leit svo á að að hæfileiki einstaklings til þess að mynda tilfinningatengsl við annað fólk byrji að þróast hjá nýfæddum börnum. Ungabörn gráti og sýni ýkt viðbrögð við aðskilnaði frá móður. Þetta séu ósjálfráð viðbrögð sem tryggja barni að umönnunaraðili sinni þörfum og stuðningi sem barnið þarfnast og því séu tryggð tengsl við umönnunaraðila sem barni eru lífsnauðsynleg (Siegel, 2014). Börn sem ekki þróa náið tilfinningalegt samband við umönnunaraðila og ekki fá frá þeim ákveðna ást og hlýju eigi í hættu að þróa með sér ýmis sálræn vandkvæði. Til að barn geti alist upp sem heilbrigður einstaklingur þurfi hlýtt og náið samband við móður, eða umönnunaraðila (Siegel, 2014). Sálfræðingar hafa haldið því fram að tengsl ungabarna hafi

áhrif á heila þeirra og hugræna- og tilfinningalega færni þeirra í framtíðinni (Beckett og Taylor, 2016).

Bolwby hélt því fram að tengsl móður og barns væru eins mikilvæg fyrir andlega heilsu barns eins og næringarefni væru fyrir líkamlega heilsu þess. Hann hélt því fram að röskun á tengslum hjá barni yrði í þremur þrepum sem væru einskonar varnarviðbrögð sem bældu niður reiði og sorg. Mótmæli og grátur ungabarns við því að vera skilið frá umönnunaraðila væri fyrsta þrepið. Því næst í öðru þrepinu væri barnið dofið og tilfinningalítið. Á þriðja og síðasta þrepinu missti barnið áhuga á umönnunaraðila og beindi athyglinni að öðru (Siegel, 2014).

Sú hegðun barna eins og mótmæli og grátur, en einnig hegðun sem kallar á jákvæða athygli móður eins og bros og hjal, kallaði Bolwsky tengslahegðun. Barnið getur ekki verið stöðugt hjá móður, eða megin umönnunaraðila og hefur vilja til að kanna umhverfi sitt. Umönnunaraðili þarf að vera til staðar til að tryggja barni öryggi. Bolwby hélt því fram að til að mynda góð tengsl það væri nægjanlegt að móðir væri til staðar fyrir barnið, sinni líkamlegum þörfum þess og sýndi því hlýju (Beckett og Taylor, 2016).

Sálfræðingurinn Mary Ainsworth sem var samstarfsfélagi Bolwby þróaði „ókunnar aðstæður“ (e. strange situation) prófið til að rannsaka tegundir tengsla á milli móður og barns. Hún skipti tengslunum niður í þrjá flokka, Mary Main samstarfsfélagi Ainsworth bætti fjórða flokknum við síðar. Fyrsti flokkurinn felur í sér örugg tengsl (e. secure attachment) barns við móður eða umönnunaraðila. Þá eru tengsl barnsins við móður eða umönnunaraðila augljóslega sterkari en tengsl við ókunnuga. Barnið leitar huggunar og skjóls hjá umönnunaraðila. Barnið er vingjarnlegt við ókunnuga meðan umönnunaraðili er til staðar en forðast ókunna þegar umönnunaraðili fer. Við viðskilnað við umönnunaraðila mótmælir barnið en huggast og fagnar þegar hann snýr aftur. Annar flokkurinn felur svo í sér óörugg forðunartengsl (e. insecure-avoidant attachment): Barn leitar ekki skjóls hjá umönnunaraðila, heldur sig í nálægð við hann, en kemur á svipaðan hátt fram við ókunnuga og við móður. Þriðji flokkurinn felur í sér óöruggi tvíbendnitengsl (e. insecure-ambivalent attachment): Barn sýnir mikil og ýkt viðbrögð við aðskilnaði við umönnunaraðila en huggast ekki við sameiningu. Fjórði og síðasti flokkurinn er svo óöugg ringluð tengsl (e. insecure-disorganised attachment): Barnið leitar ekki til umönnunaraðila eftir huggun. Barnið sýnir hræðslu, depurð eða dofa þegar umönnunaraðili er nálægur. Oft eru umönnunaraðilarnir

andlega fjarverandi eða beita barnið jafnvel ofbeldi þegar um þessa tegund tengsla er að ræða. Óörugg ringluð tengsl lýsa alvarlegustu röskuninni á tengslum umönnunaraðila og barns. Börn sem hafa þessa tegund tengsla þróa oft með sér sérstaka hegðun til að reyna að ná einhverri stjórn í heimi sem þeim finnst stjórnlaus. Þessi hegðun getur verið áráttukennd þörf fyrir umönnun annarra, að treysta einungis á sjálfan sig, árásargirni til að knýja fram að foreldra til að sinna þeim eða fíknihegðun. Þessi börn eru líklegri til að þróa með sér ýmiskonar hegðunarvanda og geðraskanir (Beckett og Taylor, 2016).

Ainsworth var ósammála Bolwby varðandi það að hlýja og nærvera móður væri nóg til að stuðla að öruggum tengslum. Það sem skipti máli væri hversu góð móðirin væri í að lesa í tjáningar barnsins á þörfum þess og hvernig hún svaraði þeim. Dæmi um aðstæður þar sem umönnunaraðili er líkamlega til staðar en vanrækir barn andlega geta verið þegar umönnunaraðili er upptekinn, reiður í garð barns eða þegar móðir þjáist af fæðingarþunglyndi. Tengslahegðun snýst um jafnvægi af hendi umönnunaraðila og barns. Börn sem ekki hafa upplifað nán tengsl við umönnunaraðila geta átt erfitt með einbeitingu, gengið illa í skóla, átt erfitt með að treysta öðru fólki eða sýnt því óvirðingu. Afbrotafræðingar séð tengsl milli alvarlegra röskun á tengslum við umönnunaraðila ýmiss andfélagslegum vandamálum, þar á meðal kynferðisofbeldi (Beckett og Taylor, 2016; Siegel, 2014).

4.2 Kenning um félagsnám

Kenningin um félagsnám á rætur sínar að rekja til samskiptasjónarhornsins. Samkvæmt henni eru afbrot hegðun sem lærist í samskiptum við annað fólk. Að auki lærir einstaklingurinn hvernig eigi að eyða sektarkennd og réttlæta verknaðinn fyrir sjálfum sér. Hún gengur út á að langflestir gerendur þekki hvaða viðmið og gildi eigi við í samfélaginu en nái að afneita þeim þegar svo ber við (Helgi Gunnlaugsson, 2008; Siegel, 2014).

Aðallega eru nefnd fimm atriði sem gerendur nota til að réttlæta brot sín fyrir sjálfum sér, þau eru (Helgi Gunnlaugsson, 2008; Siegel, 2014):

1. Að afneita ábyrgð, orsök brotsins liggja í hlutum sem gerandi réði ekki við.
2. Að afneita skaða, í rauninni hafi enginn skaði orðið við afbrotið.
3. Að afneita fórnarlambinu, að þolandi hafi átt verknaðinn skilið.

4. Að fordæma þá sem fordæma, það sé hræsni að fordæma þá, því það séu aðrir sem hafi gert mun verri hluti.
5. Að fylgja félögunum, þeir eru bara að gera það sem allir aðrir eru að gera. Staðið fast við félaga sem einnig brjóta af sér.

Fræðimenn hafa notast við félagsnámskenninguna til að lýsa fjölskyldum þar sem barn brýtur á systkini sínu. Þær fjölskyldur eiga oft við mikla erfiðleika að stríða, mikið ofbeldi á sér gjarnan stað í slíkum fjölskyldum og siðlaus kynferðisleg hegðun innan veggja heimilanna sem börnin verða vitni af og læra (Barnett, o.fl., 2011).

4.3 Vistfræðilíkanið

Kenningin um vistfræðilíkanið (e. ecological system theory) er hugarsmíð bandaríska sálfræðingsins Bronfenbrenner (1979). Líkanið lýsir tengslum á milli þátta sem snúa að líðan barna og unglunga. Bronfenbrenner (1979, 1994) skipti þáttunum niður í fjögur kerfi og eru þau eftirfarandi: Nærkerfi (e. microsystem), miðkerfi (e. mesosystem), stofnanakerfi (e. exosystem) og heildarkerfi (e. macrosystem). Seinna bætti hann við fimmta kerfinu sem kallast lífkerfi (e. chronosystem).

Nærkerfi (e. microsystem) barns inniheldur alla þá þætti sem standa barninu næst og hafa mest áhrif á þroska þess. Dæmi um þessa þætti eru skóli, fjölskylda og vinir. Miðkerfið (e. mesosystem) samanstendur af tengslunum sem eru á milli þáttanna í nærkerfinu svo sem tengslunum á milli foreldris og barns eða tengslum á milli skóla og heimilis. Stofnanakerfi (e. exosystem) inniheldur stofnanir í samfélaginu sem hafa áhrif á barnið en tengjast því ekki beint. Þar má nefna vinnustaði foreldra, fjölmiðla og heilbrigðiskerfið. Heildarkerfið (e. macrosystem) inniheldur síðan þætti sem móta samfélagið, eins og viðhorf, trú, lög og reglur. Að lokum er það lífkerfið (e. chronosystem) sem snýr að öllum þeim breytingum sem verð í lífi barns bæði innri- og ytri breytingar. Það eru til dæmis breytingar sem verða vegna þroska barns og líka breytingar í umhverfi svo sem búsetuflutningur og skilnaður foreldra. Því lengur sem áhrif breytinganna vara, því meiri verða áhrifin á þroska barns. Kerfin breytast í gegnum líf barns og hefur það áhrif á það sem einstakling (Bronfenbrenner, 1979; 1994).

5 Börn sem gerendur

Hér á eftir verður fjallað um börn sem gerendur í kynferðisbrotum, rætt verður um mun á milli stúlkna og drengja sem gerenda, sérstöðu barna sem brjóta á systkinum sínum og áhættuþætti óæskilegrar kynhegðunar barna.

Hrefnu Ólafsdóttir (2011) félagsráðgjafi gerði viðamikla rannsókn hér á landi í samstarfi við Hildigunni Ólafsdóttur afbrotafræðing. Samkvæmt þeirri rannsókn eru stærsti hluti gerenda í kynferðisbrotum gagnvart börnum karlmenn á miðjum aldri sem þekkja viðkomandi barn. Þeir eru yfirleitt annað hvort tengdir fjölskyldu barnsins eða standa utan hennar. Meiri hluti þessarra manna beitir síður líkamlegu ofbeldi og hótunum heldur nýta þeir sér yfirburðastöðu sína gagnvart barninu og mútur til að tæla barnið til kynferðislegra athafna. Sé gerendunum skipt niður eftir aldri eru flestir gerendur annað hvort yfir fimmtugt eða unglingar og ungt fólk á aldrinum 15-20 ára. Einnig voru 10% gerenda börn undir 15 ára aldri þegar misnotkunin hófst. Meiri hluti gerenda sýndi hlýlegt og glaðlegt viðmót þegar þeir nálguðust fórnarlamb sitt. Stúlkur upplifðu þó frekar að gerandinn sýndi reiði og ógnun en í meirihluta brotanna notaðist gerandinn ekki við líkamlega þvingun. Í meirihluta tilfella fór gerandinn ekki fram á að þolandinn héldi misnotkuninni leyndri.

Lengi vel hefur athyglin beinst einna helst að fullorðnum gerendum enda eru þeir í meirihluta þeirra sem gerast sekir um kynferðisbrot. En umræðan hefur þó verið að beinast einnig að ungum gerendum á síðastliðnum árum, ekki síst vegna aukinnar tíðni mála sem snúa að þeim. Þegar kemur að tölulegum upplýsingum um fjölda tilkynninga vegna kynferðisbrota gagnvart börnum, verður að hafa í huga að stór hluti brotanna eru ekki tilkynnt. Kynhegðun þykir tabú og sérstaklega kynhegðun barna hvort sem hún er í raun eðlileg eða ekki (Ólafur Örn Bragason, 2011). Fullorðnir gerendur kynferðisbrota eru misleitur hópur einstaklinga sem koma víðsvegar að úr samfélaginu og hafa mismunandi bakgrunn hvað varðar menntun, stöðu, og misnotkun vímuefna. Það sama má segja um börn sem beita óviðeigandi kynhegðun, þau eru ekki einn ákveðin hópur barna. Meiri hluti gerenda kynferðisbrota gagnvart börnum eru karlkyns aðilar sem eru nákomnir viðkomandi barni, það á við bæði fullorðna gerendur og gerendur sem eru á barnsaldri (Anna Kristín Newton og Þórarinn Viðar Hjaltason, 2011; Rich 2011).

Mikilvægt er að hafa í huga þegar rætt er um kynferðisbrot þar sem börn eru gerendur að þau eru ólík fullorðnum. Það er rangt að hugsa sem svo að börn sem eru gerendur í

kynferðisbrotum muni halda áfram að beita börn kynferðisofbeldi og séu dæmd til að verða fullorðnir einstaklingar sem muni brjóta á börnum. Börn eru á öðrum stað en fullorðnir hvað varða reynslu og þroska. Þrátt fyrir að barn brjóti á öðru barni er það langt frá því að standa jafnfætis fullorðnum einstaklingi sem brýtur á börnum. Munur á börnum og fullorðnum sem brjóta á börnum kemur meðal annars fram þegar kemur að kynörvun. Hjá fullorðnum gerendum sem haldnir eru barnagirnd snýr örvunin einungis að börnum en hjá gerendum kynferðisbrota sem eru á barnsaldri er kynörvunin ekki eins fastmótuð þegar kemur að kyni og aldri. Börn sem beita kynhegðun sem er óviðeigandi eru oft einnig að kljást við önnur vandamál svo sem sálrænan vanda vegna ofbeldis eða vanræsklu, ofvirkni, kvíða, einangrun, athyglisbrest eða þroskafrávik. Óviðeigandi kynferðisleg hegðun hjá börnum tengist oftast vandamálum tengdum þroska frekar en kynferðislegum frávikum. Hjá börnum er persónuleiki, tengsl og tilfinningalegur þroski ekki jafn mótaður og hjá fullorðnum og í fæstum tilfellum felur óviðeigandi kynhegðun barns í sér skipulag og ásetning líkt og kynferðisbrot fullorðinna (Ólafur Örn Bragason, 2011; Rich, 2011).

Rannsóknir hafa sýnt að um 50% fullorðinna kynferðisbrotamanna hafi byrjað að brjóta af sér kynferðislega þegar þeir voru sjálfir á unglingsaldri. Þó hafa nær allar rannsóknir sem gerðar hafa verið á efninu, verið á einu máli um að börn sem brjóta á öðrum börnum eru ólíkleg til að gera það aftur, sérstaklega ef þau fá viðeigandi meðferð. Það eru þó einhver börn sem munu þróa með sér frekari afbrotahegðun tengda kynferðisbrotum þegar þau fullorðnast. Má því leiða líkum að því að það að hafa brotið á barni þegar þau voru sjálf börn sé áhættuþáttur fyrir áframhaldi á slíkri hegðun á fullorðinsárum (Ólafur Örn Bragason, 2011; Rich, 2011).

Börn sem brjóta af sér á kynferðislegan hátt eru sjaldan mikið öðruvísi en börn sem stunda aðra áhættuhegðun og brjóta af sér á annan hátt. Rannsókn Ronis og Borduin (2007) sýndi að börn sem höfðu framið kynferðisbrot höfðu mörg sambærileg vandamál og börn sem brutu af sér á annan hátt. Þau sýndu meiri hegðunarvandamál heima fyrir en börn sem ekki höfðu brotið af sér. Fjölskyldur þeirra sýndu minni samheldni, tengsl og aðlögunarhæfni heldur en fjölskyldur þeirra sem ekki höfðu brotið af sér. Að auki skoruðu þau lágt í tengslamyndun við jafningja, gekk verr í skóla en börnum sem ekki höfðu brotið af sér og sýndu frekar ýgi gagnvart jafningjum. Börn sem brjóta kynferðislega á öðrum börnum hafa í meiri hluta tilfella einnig brotið af sér á annan hátt. Þau börn sem einungis sýna óviðeigandi

kynhegðun en brjóta ekki af sér á annan hátt eiga oft mjög erfitt félagslega, eru kvíðnari en jafningjar þeirra sem brjóta einnig af sér á annan hátt og eru að auki minna tengd foreldrum sínum (Rich, 2011).

Pithers, Gray, Busconi og Houchen(1998) rannsökuðu börn á aldrinum sex til tólf ára sem höfðu sýnt óviðeigandi kynhegðun. Þau skiptu börnunum niður í fimm undirflokkar eða týpur barna sem brjóta kynferðislega á öðrum börnum. Flokkarnir eru eftirfarandi: 1) kynferðislega árásargjörn (e. sexually aggressive) börn, 2) einkennalaus (e. nonsymptomatic) börn, 3) börn sem hafa orðið fyrir miklum áföllum (e. highly traumatized), 4) reglubrjótar (e. rule breaker) og 5) börn sem sýna viðbrögð við misnotkun (e.abuse reactive). Kynferðislega árásargjörn börn voru flest drengir og stór hluti þeirra með hegðunarvandamál. Stærstur hluti þeirra hafði notast við árásargjarna hegðun til að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Einnig sýndu þau minnstan árangur eftir meðferð við kynferðisbrotum. Yfir 90% barnanna í hópnum sem hafði orðið fyrir miklu áfalli voru greind með áfallastreituröskun og höfðu flest orðið fyrir miklu og langvarandi líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Í einungis einum hópi voru stúlkur í meirihluta, en það var í reglubrjóta hópnum og beittu þær árásargirni til að ná valdi yfir fórnarlömbum sínum. Börnin sem beittu kynferðisofbeldi sem viðbrögð við misnotkun sýndu óæskilegustu kynhegðunina. Í þeim hópi mældist einnig hæst hlutfall geðraskana.

5.1 Munur á drengjum og stúlkum sem gerendum

Stæstur hluti barna sem brjóta kynferðislega á öðrum börnum eru unglingsdrengir á aldrinum 13-16 ára. Tíðni brota þar sem stúlka er gerandi er undir 10%. Þó verður að hafa í huga að tíðni tilkynntra brota þar gerandinn er stúlka getur verið skekkt vegna þess hve sjaldan er tilkynnt um slík brot. Að sama skapi getur tíðnin verið lægri þar sem rannsóknir hafa sýnt að margir karlmenn túlka það ekki sem kynferðisbrot ef eldri kona brýtur á þeim (Hunter, 2012a; Rich, 2011). Léleg félagsfærni er eitt af því sem mörg börn sem sýna óæskilega kynhegðun eiga sameiginlegt. Að auki eiga slík börn oft á tíðum erfitt með að finna til samkenndar, hafa litla siðferðiskennd og eiga erfitt með að mynda traust sambönd við annað fólk (Rich, 2011).

Kynferðisbrot kvenna hafi verið hafa verið fremur lítið rannsökuð þar til nýlega og kynferðisbrot stúlkna enn síður. Það sem þessar rannsóknir hafa gefið til kynna er að stúlkurnar eru marktækt yngri en drengirnir þegar þær brjóta á öðrum börnum. Fórnarlömb stúlkanna voru flest undir 12 ára aldri og ekkert sérstakt munstur var að finna þegar kom að

kyni fórnarlamb. Drengir brjóta fremur á stúlkum eða konum frekar en öðrum drengjum. Stúlkur eru líklegri til að beita vægari kynhegðun en drengir (Hunter, 2012a; Vandiver, 2010). Stór hluti stúlkna eða um 75% sem brjóta á öðrum börnum hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi sem er mun hærra hlutfall heldur en hjá drengjunum. Stúlkurnar eru yngri en drengirnir þegar þær verða fyrir ofbeldinu og það er einnig alvarlegra og yfirgrípsmeira. Stúlkurnar greindu líka frá umfangsmeira líkamlegu ofbeldi og ofbeldi á heimili heldur en drengir sem höfðu einnig framið kynferðisbrot (Hunter, 2012a). Þær stúlkur sem fremja alvarleg kynferðisbrot og hafa mörg fórnarlömb eru líklegri til að þjást af áfallastreituröskun, lyndisröskunum eða hegðunarvandamálum en jafningjar þeirra sem fremja vægari brot. Þær eru einnig margar með fíknvanda og sýna sjálfskaðandi hegðun.

Reynt hefur verið að skipta drengjum sem sýna óviðeigandi kynhegðun í tvennt. Það eru drengir sem brjóta á jafnöldrum sínum og fullorðnum og síðan þeir sem brjóta á yngri börnum. Drengirnir í fyrri flokknum brjóta frekar á kvenkyns fórnarlömbum sem eru ekki tengd þeim fjölskylduböndum. Meiri hluti þessara drengja eru með alvarleg hegðunarvandamál, sýna mikið ofbeldi í brotum sínum og eru líklegri til að hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi. Þeir sýna oft mjög andfélagslega hegðun, árásargirni og neikvæðar tilfinningar í garð annarra. Drengir sem brjóta á yngri börnum eru líklegri til að hafa lága sjálfsmynd og lélega félagslega hæfni (Hunter, 2012a).

5.2 Áhættuþættir

Hér á eftir verður greint frá áhættuþáttum sem auka líkur á óæskilegri kynhegðun barna.

Fyrst bera að nefna að vera útsettur fyrir klámi, en stór hluti unglingspilta sem hafa sýnt óæskilega kynhegðun segjast hafa séð mjög gróft klámefni. Rannsóknir hafa einnig sýnt að börn sem sýna óæskilega kynhegðun eru mun líklegri en jafningjar þeirra til að hafa séð klám eða raunverulega kynhegðun fyrir 10 ára aldur (Hunter, 2012a; Vandiver, 2010;). Eins og áður hefur komið fram er slök félagsfærni eitt af því sem mörg börn sem sýna óæskilega kynhegðun eiga sameiginlegt. Að auki eiga flest þeirra erfitt með að finna til samkenndar, hafa litla siðferðiskennd og eiga erfitt með að mynda traust sambönd við annað fólk (Rich, 2011).

Það að koma úr fjölskyldum þar sem heimilisofbeldi er til staðar og truflað samskiptamunstur er einnig áhættuþáttur. Börnin læra þessi trufluðu samskipti af foreldrum sínum sem einkennast af þvingunum, ógnun og ofbeldi. Þá þróa þau með sér andfélagslega

hegðun, lágt sjálfsmat, skort á samkennd og skort á tengslum. Rannsóknir hafa sýnt að það að vera hluti af félagshóp sem sýnir áhættuhegðun ýtir undir slæma hegðun, jafnvel afbrotahegðun í framtíðinni. Hins vegar ýtir slíkur félagahópur ekki undir það að börn þrói með sér óæskilega kynferðislega hegðun. Þau börn sem sýna óæskilega kynhegðun eru mun líklegri til að hafa orðið fyrir einhverskonar ofbeldi eða verið vanrækt en börn sem ekki sýna slíka hegðun. Þar með talið er það einnig áhættuþáttur að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi. Þau börn sem sýna af sér óæskilega kynhegðun og hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi urðu fyrir ofbeldinu oft, voru yngri þegar ofbeldið átti sér stað, sögðu seinna frá brotinu og upplifðu minni stuðning frá fjölskyldum sínum heldur en börn sem höfðu orðið fyrir samskonar brotum en ekki sýnt af sér óæskilega kynhegðun. Það að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi veldur gríðarlegum neikvæðum tilfinningalegum og líkamlegum skaða. Rannsóknir benda til þess að það að hafa orðið fyrir alvarlegu kynferðisofbeldi þar sem gerandinn er karlmaður geti ýtt undir að barn sýni óæskilega kynhegðun (DeLisi, Kosloski, Vaughn, Caudill, Trulson, 2014; Hunter, 2012a).

Það að barn verði fyrir kynferðisofbeldi er ekki endilega orsakavaldur fyrir því að barn eigi eftir að sýna slíka hegðun. Rannsóknir hafa sýnt að einungis lítill hluti karla sem hafa orðið fyrir misnotkun beiti slíku ofbeldi sjálfir. Vert er að benda á að enginn af fyrrnefndum þáttum er skilyrðislaus orsakavaldur heldur einungis einn þáttur í stóru samspili innri- og ytri þátta sem geta leitt til þess að barn þrói með sér óæskilega kynhegðun (Knight, 2004, Rich, 2011). Stærsti hluti barna sem verða fyrir einhverskonar ofbeldi þróa oft á tíðum með sér mikla félagshæfni, ótrúlega seiglu og hæfni til að takast á við erfiðar aðstæður. Flestum þeirra vegnar vel í framtíðinni og verða að heilbrigðum fullorðnum einstaklingum sem ekki brjóta á börnum (Rich, 2011).

5.3 Börn sem brjóta á systkinum sínum

Lengi vel var talið að öll kynhegðun barna væri eðlileg sérstaklega þegar hún kom fram milli systkina. Lítið var á hana sem saklausa könnun eða í versta falli óæskilega hegðun sem hefði engar slæmar afleiðingar, sérstaklega þegar börnin voru á svipuðum aldri. Áður fyrr var miðað við að tveggja til fimm ára aldursmunur að lágmarki þyrfti að vera á systkinum til að hægt væri að telja hegðunina sem misnotkun. Í dag þykir aldursmunurinn ekki eins gott viðmið enda er aldursmunur oft minni í tilvikum þar sem barn sýnir óæskilega kynhegðun gagnvart öðru barni (Barnett, o.fl., 2011; Collin-Vézina, Fast, Hélie, Cyr, Pelletier og Fallon,

2014). Misnotkun barna á systkini sínu hefur verið skilgreind sem kynhegðun sem er eingöngu af hendi annars barnsins gegn samþykki hins. Hún hefur einnig verið skilgreind þannig að barn notar vald eða þvingar hitt barnið til að taka þátt í kynferðislegu athæfi. Annað barnið er yfirleitt í valdastöðu vegna aldurs eða þroska, gagnvart þolandanum (Collin-Vézina o.fl., 2014).

Rannsóknir Finkelhor og féлага (2009) sýndi að börn sem sýna óæskilega kynhegðun gagnvart systkinum sínum eiga margt sameiginlegt með jafningjum sem brjóta á öðrum en systkinum sínum. Gerendur sem brjóta á systkinum sínum eru í meirihluta drengir og brjóta frekar á stúlkum. Hins vegar eru þolendur þeirra oft eldri og minni aldursmunur er á gerendum og þolendum (Collin-Vézina, o.fl., 2014). Óæskileg kynhegðun barna gegn systkinum sínum er allt frá því að vera káf til þess að annað barnið er þvingað til fulls samræðis, en snerting og káf er algengasta formið af þessari hegðun. Þvingað samræði kemur fram oftast í málum þar sem gerandi og þolandi eru systkyni en þegar gerandi og þolandi eru ekki tengd fjölskylduböndum. Kanadísk rannsókn sýndi að bræður sem beittu systur sínar kynferðisofbeldi voru líklegri til að þvinga fullt samræði heldur en feður sem brutu á dætrum sínum (Barnett, o.fl., 2011). Rannsókn á börnum sem höfðu sætt misnotkun sýndi að þegar gerendurnir og þolendur voru systkini eða hálf-systkini stóð hegðunin lengur yfir, var tíðari og alvarlegri en í málum þar sem gerandi og þolandi voru ekki systkini. Gerendur sem brjóta á systkinum sínum eru einnig líklegri til að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi, koma úr fjölskyldum þar sem miklir erfiðleikar eru til staðar og að hafa upplifað annarskonar ofbeldi en þeir sem ekki brjóta á systkinum sínum. Meðferðarþörf er svipuð meðal þessara barna og einnig svipaðar líkur á að þau brjóti af sér aftur. Einnig hafa þessir gerendur svipuð einkenni og þeir sem ekki brjóta á systkinum sínum, það er að segja þeir eru margir kvíðnir og/eða sýna andfélagslega hegðun (Collin-Vézina, o.fl., 2014).

Það eru nokkrir áhættuþættir sem eru einkennandi fyrir fjölskyldur þar sem börn brjóta á systkinum sínum. Þeir eru að umönnunaraðili hafi slakt félagslegt stuðningsnet, þjáist af geðröskun og að umönnunaraðili verði fyrir heimilisofbeldi. Fjölskyldurnar eru líklegri til að búa við fátækt og í óviðunandi húsnæði vegna þrengsla (Collin-Vézina, o.fl., 2014). Á heimili barna sem brjóta á systkinum sínum er oft ofbeldi annað hvort á milli foreldra eða af hálfu foreldris gagnvart barni. Þar er vanræksla oft á tíðum til staðar og foreldrar mikið að heiman.

Einnig þurfa börn oft að sjá óhóflega mikið um systkini sín og börnum eru síður sett viðunandi mörk varðandi kynhegðun (Barnett, o.fl., 2011).

Þegar gerandi er systkini eru minni líkur á að brotið sé tilkynnt til yfirvalda og einnig eru minni líkur á að mæður trúi og styðji börn sín sem segja frá brotum af hendi bróðurs heldur en föðurs. Minni líkur eru á að barnið segi frá brotinu vegna hræðslu um að sér verði ekki trúnað, að því verði kennt um eða að því verði refsað en ef brotið er ekki af hendi systkinis (Collin-Vézina, o.fl., 2014).

Það sem gerendur eiga sameiginlegt er að þeir upplifa oft mikla einmanakennd, sýna röskun á tengslum og eiga erfitt með nánd. Oft á tíðum eiga þeir erfitt með að skilja eða er sama um afleiðingar gjörða sinna. Þeir eiga gjarnan erfitt með að finna til samkenndar og finna síður fyrir skömm vegna hegðunar sinnar (Rich, 2011).

6 Úrræði

Í þessum kafla verður fjallað um meðferð fyrir kynferðisafbrotamenn. Fjallað verður um hugræna atferlismeðferð og farið yfir úrræði sem bjóðast börnum sem beita óæskilegri kynhegðun bæði hérlendis og erlendis.

Viðbrögð samfélagsins við kynferðisbrotum hafa breyst í gegnum tíðina en í dag teljast kynferðisbrot sérstaklega þau sem beinast gegn börnum vera eitt erfiðasta afbrotið sem hægt er að glíma við. Afstaða fólks litast af því að brotið er á vanmáttugustu þegnum þjóðfélagsins og á sama tíma fá slík mál mikla athygli í fjölmiðlum og í opinberri umræðu. Viðbrögð gagnvart gerendum eru oft mjög hörð og þeir sem brjóta gegn börnum eru stimplaðir sem barnaníðingar og skrímsli og krafist er æ þyngrri refsingar þeim til handa. Afstaða samfélagsins er skiljanleg enda hafa kynferðisbrot oft gríðarlega slæm áhrif á þolendur en hún veldur einnig einangrun brotamanns sem getur ýtt undir frekari brot. Gerendur eru síðan ekki einungis útskúfaðir í samfélaginu heldur einnig í fangelsum þar sem þeir eru lagðir í einelti af öðrum föngum (Helgi Gunnlaugsson, 2011).

Rannsóknir bæði hérlendis og erlendis hafa sýnt að gerendur kynferðisbrota sem setið hafa í fangelsi eru ólíklegir til að vera dæmdir aftur fyrir slík brot, þó eru þeir líklegir til að vera dæmdir fyrir annarskonar brot. Meðferð gerenda er líklegust til að bera árangur ef félagsleg tengsl þeirra eru traust og þeir fá góðan stuðning (Helgi Gunnlaugsson, 2011).

Rannsóknir á ítrekunartíðni ungra gerenda hafa sýnt svipaðar niðurstöður það er að ólíklegt er að börnin brjóti aftur á öðru barni með kynhegðun sinni eftir meðferð og meiri líkur eru á að meðferðin beri árangur eftir því sem barnið er yngra. Hins vegar er líklegra að barnið fari í það að stunda annarskonar afbrot (Helgi Gunnlaugsson, 2011; Ólafur Örn Bragason, 2011).

Mikilvægt er að gerendur horfist í augu við afbrot sín og þann skaða sem hefur hlotist af þeim. Þetta er ekki sjálfgefið þar sem sumir gerendur þverneita hegðun sinni eða telja ekkert rangt við hana, þessi tilvik eru erfið viðureignar. Það þykir lofa bestu fyrir árangur meðferðar ef gerandinn vill takast á við vandann og fer sjálfviljugur í meðferð. Meðferð á ekki að koma í staðinn fyrir refsingu en færa má rök fyrir því að yngri gerendur séu settir í vægari úrræði samhliða meðferð. Ekki hefur tíðkast að dæma fullorðna einstaklinga til meðferðar hér á landi en einungis verið mælt til þess í dómum að gerandi leitir sér meðferðar (Helgi Gunnlaugsson, 2011).

Fjölkerfameðferð og styrktarmeðferð eru notaðar í meðferð ungra gerenda en sú meðferð sem einna helst hefur verið notuð og er notuð hér á landi er hugræn athyglismeðferð (Barnett o.fl., 2011; Ólafur Örn Bragason, 2011). Henni er skipt í þrjá þætti: hugræn meðferð, atferlisíhlutun og meðferð til að koma í veg fyrir endurtekningu. Í hugræna hlutanum sem byggir á sálfræði er meðal annars fjallað um kynhneigð, frávik í kynhegðun, afleiðingar óæskilegrar og skaðlegrar kynhegðunar, hugsanavillur og leiðir til að takast á við afbrigðilegar hugsanir sem tengjast kynhegðun. Markmiðið er að barnið geti greint byrjun á hegðun, hegðunina og afleiðingarnar út frá hugsunum og tilfinningum. Atferlisíhlutunin snýst um að reyna að draga úr óæskilegri kynörvun. Þessi meðferð hentar fyrir skjólstæðinga sem hafa brenglaða kynörvun en það á einungis við um suma þeirra. Í henni felst meðal annars endurskilyrðing fullnægingar og er reynt með þessum aðferðum að endurskilyrða kynörvun hjá skjólstæðingnum. Að lokum er það meðferð sem kemur í veg fyrir endurtekningu brots eða hrörnunarmeðferð. Þar er gert ráð fyrir því að skaðleg hegðun eigi sér ekki stað af tilviljun heldur sé afbökun af umhverfi, tilfinningum og hugsunum. Skilgreina á hvert fyrsta skrefið í hegðuninni sé til að finna út hvað kemur hegðuninni af stað og finna leiðir til að stöðva hana (Ólafur Örn Bragason, 2011).

Þeir sem gegna einu mikilvægast hlutverkinu þegar kemur að meðferð ungra gerenda eru forsjáraðilar barnsins. Almenn uppeldisatriði og eftirlit skipta miklu máli því líkt og með

aðra hegðun þá geta foreldrar haft áhrif á kynhegðun barna sinna (Ólafur Örn Bragason, 2011).

Þau börn sem sýna óæskilega kynhegðun eru mjög mismunandi. Þau hafa við mismunandi vanda að glíma eins og þroskaraskanir, einhverfu eða slæmar fjölskylduaðstæður og því er nauðsynlegt að beita heildarsýn til að geta beitt því úrræði sem best á við í hverju máli (Ólafur Örn Bragason, 2011).

6.1 Úrræði hér á landi

Í barnaverndarlögum segir að börn sem glíma við veikindi eða önnur vandamál eigi rétt á aðstoð. Þau börn sem beita önnur börn líkamlegur eða kynferðislegu ofbeldi falla undir það. Börnin sem tilheyra þessum hópi hafa mismunandi meðferðarþarfir sem stjórnast af félagslegri getu og þroska. Markmiðið með meðferðinni er einna helst að koma í veg fyrir að barnið endurtaki hegðunina og að það geti lifað eðlilegu og heilbrigðu lífi (Ólafur Örn Bragason, 2011).

Það er ekki fjölbreytt meðferð í boði hér á landi fyrir gerendur undir 18 ára aldri sem brjóta kynferðislega á öðrum börnum. Barnaverndarstofa ber ábyrgð á úrræðum fyrir þennan hóp. Á tímabili var starfandi meðferðarheimili á Bergi í Árnessýslu fyrir drengi sem höfðu brotið kynferðislega á öðrum börnum. Því var lokað árið 2008 vegna álags á starfsfólki. Sálfræðingur á vegum Barnaverndarstofu sá um sálfræðilegar greiningar á börnum sem frömdu alvarlegustu brotin. Það er mikilvægt að meta þörfina fyrir þjónustu hjá þessum hópi barna til að geta veitt þeim viðeigandi þjónustu hverju sinni. Hjá þeim gerendum sem hafa náð sakhæfisaldri, sem er 15 ára og eldri, grípa barnaverndaryfirvöld inn í um leið og barn hefur verið kært fyrir brot. Reynt er að hefja meðferð eins fljótt og auðið er og meðferðin er oft yfirstandandi þegar málið fer fyrir dóm (Þingskjal nr. 1058/2003-2004; Barnaverndarstofa, e.d.a).

Lengi vel sáu sálfræðingar sem ekki voru á vegum barnaverndaryfirvalda um ráðgjöf fyrir foreldra og meðferð fyrir hóp barna sem sýndi óæskilega skaðlega kynhegðun. Á tímabili var engin sérhæfð þjónusta fyrir þessi börn en 1. september 2009 bauð Barnaverndarstofa í fyrsta sinn upp á sérhæfða meðferð fyrir börn undir 18 ára aldri sem sýna af sér óæskilega og skaðlega kynhegðun. Þessi þjónusta er á hendi sálfræðiteymis þriggja sálfræðinga sem hafa mikið samstarf sín á milli. Mest af þjónustunni fer fram á sálfræðistofu þjónustuaðila og hver sálfræðingur sér um að boða barn og forsjáaraðila í viðtal og vinnur sjálfstætt að máli þess

barns. Markmiðið er að veita börnunum stuðning og draga úr skaðsemi gjörðarinnar á þau sjálf og með því minnka líkurnar á að hún endurtaki sig. Hver sálfræðingur vinnur með starfsmönnum Barnaverndarstofu og barnaverndarnefnda eftir því sem þörf krefur (Ólafur Örn Bragason, 2011).

Það er mikilvægt til að meðferð virki sem best að forsjáraðilar séu í samstarfi við aðila barnaverndarnefnda og sinni eftirliti og stuðningi við barnið. Til að meta meðferðarþörf barnsins er gert áhættumat. Það gefur til kynna hvort barnið sé í lítilli, miðlungs eða mikilli hættu á að endurtaka brot sitt. Þau börn sem þurfa litla meðferð fá meðal annars fræðslu um kynferðisleg mörk og skaðleg áhrif óæskilegrar kynhegðunar á geranda og þolanda. Þá fá forsjáraðilar einnig fræðslu. Þau börn sem teljast í miðlungsáhættu fá samskonar fræðslu en að auki er markvisst unnið að því að draga úr áhættuþáttum og styrkja verndandi þætti sem geta dregið úr líkum á frekari brotum. Þessi meðferð getur tekið talsverðan tíma og er meðferðaraðili í stöðugum samskiptum við forsjáraðila. Þau börn sem teljast í mikilli áhættu fá sömu meðferð og þau sem eru í miðlungsáhættu en gera má ráð fyrir að hún taki lengri tíma. Einnig er líklegt að barnið þurfi tímabundið að vera vistað utan heimilis svo hægt sé að taka á hegðun þess með markvissari hætti. Þegar meðferð er lokið er skýrslu skilað til barnaverndarnefndar og Barnaverndarstofu og haldinn er skilafundur með forsjáraðilum. Eftirfylgni er fyrir þau börn sem mælast í miðlungs og mikilli áhættu (Ólafur Örn Bragason, 2011).

Fyrir þau börn sem beita óæskilegri kynhegðun og glíma til viðbótar við mikinn hegðunarvanda getur viðkomandi barnaverndarnefnd sótt um fjölkerfameðferð (MST) til Barnaverndarstofu. Sú meðferð er hinsvegar ekki fyrir þau börn sem einungis sýna óæskilega kynhegðun og ekki mikla andfélagslega úthverfa hegðun (Barnaverndarstofa, 2014).

6.2 Úrræði erlendis

Mikil fjölgun hefur orðið erlendis á meðferðarúrræðum fyrir börn og unglinga sem eru gerendur kynferðisbrota. Í gegnum árin hafa úrræðin í Norður-Ameríku sveiflast á milli þess að vera meðferð og refsing, en í dag snúast flest úrræðin að meðferð. Nú eru fjölmargir meðferðaraðilar sem taka að sér meðferð gerenda undir 18 ára aldri (Nelson, 2007).

Líkt og hérlendis er hugræn atferlismeðferð mikið notuð í Bandaríkjunum en margir meðferðaraðilar hafa sagt að þetta eina form virki alls ekki fyrir alla og því þurfi að breikka sjónarhornið og hafa fleiri valkosti þegar kemur að vali á úrræðum. Meðferð sem

sérfræðingar telja að höndlað geti gerendur sem eru unglingspiltar á áhrifaríkan og öruggan hátt er samfélagsmeðferð. Hún hefur þá kosti að unglingurinn getur verið í skóla, hitt vini sína og stundað sín áhugamál á meðan á meðferðinni stendur. Þá skiptir miklu máli að unglingurinn geti búið heima hjá sér á meðan á meðferð stendur og fengið stuðning frá foreldrum, sem er þessum börnum svo mikilvægur. Þessi meðferð hentar vel fyrir marga unga gerendur sem þjást af einmanaleika og gengur illa félagslega, en þeir eru þá að taka þá þátt í starfi sem styrkir þá á þessum sviðum eins og til dæmis í frístundaklúbbi. Þessi meðferðarmöguleiki krefst þess að forsjáraðilar séu virkir þáttakenndur í meðferðinni (Hunter, 2012b).

Í Bandaríkjunum er nokkuð um sérhæfð meðferðarheimili sem er kostur fyrir börn sem eru í mikilli áhættu á að brjóta af sér aftur eða hafa framið mjög alvarleg brot. Börn eru yfirleitt send á þessi meðferðarheimili í stað þess að fara í fangelsi. Þessi börn þurfa að hafa vel þjálfað starfsfólk á sólarhringsvöktum til að fylgjast með þeim (Hunter, 2012b).

Í meðferð barna yngri en 18 ára sem brjóta á öðrum börnum eru þrjár megin tegundir meðferðar. Þessar aðferðir eru oft notaðar allar saman og þykja á þann hátt gefa góða raun. Þetta eru hóp-, einstaklings- og fjölskyldumeðferð. Saman ná þessar meðferðir að meðhöndla barnið sem einstakling, sem hluta af jafningjahóp og hluta af fjölskyldu. Ef aðeins er möguleiki á að notast við eina aðferð, þá hentar hópmeðferð oftast best. Þó verður að hafa í huga að hópmeðferð með einstaklingum sem sýna andfélagslega hegðun getur ýtt undir slíka hegðun. Einstaklingsmeðferð er nauðsynleg ef notast á við allar þrjár aðferðirnar, en ein og sér er hún oft ekki nægjanleg. Skjólstæðingurinn missir þá af tækifærinu til að læra af öðrum, spegla óæskilegu kynhegðunina og meiri líkur eru á árekstrum milli skjólstæðings og meðferðaraðila. Þar að auki er mikilvægt að meðferðinni sé sinnt af sérfræðingi þar sem mjög auðvelt getur verið bæði fyrir meðferðaraðila og skjólstæðing að yfirstíga mörk hvors annars. Hópmeðferð er líklega ein algengasta tegund meðferðar fyrir gerendur sem er notast við í Bandaríkjunum, bæði fyrir fullorðna og börn. Í hópnum fá allir sömu skilaboðin, eru í sama umhverfinu, læra og sýna félagsleg samskipti. Börnin læra hvert af öðru, sjá hvernig þau eru einstök og komast líka að því að þau eru ekki ein í upplifunum sínum. Síðast en ekki síst er það fjölskyldumeðferð, sérhverju barni fylgi fjölskylda og er því full ástæða til að veita þeim einnig meðferð. Í henni lærir fjölskyldan að skoða hvernig gildi hennar og trú hafa haft áhrif á hegðun barnsins og tengsl. Markmiðið er ekki einungis að hjálpa fjölskyldum að skilja

hegðunina og leiðréttu hana heldur að skilja að fjölskyldan er tengd kynhegðun barnsins og mynstur brenglaðra samskipta getur að hluta til ýtt undir óæskilega kynhegðun (Rich, 2011).

Í Bandaríkjunum eru börn stundum dæmd sem fullorðin ef þau fremja alvarlega glæpi og í framhaldi af því fara þau í unglíngafangelsi. Aron Pálmi, íslenskur maður sem var 14 ára gamall dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn 8 ára stúlku í Texas sat um tíma í unglíngafangelsi þar. Hann lýsir erfiðri lífsreynslu lokuðum inni, burtu frá foreldrum sínum og miklu líkamlegu, andlegu- og kynferðislegu ofbeldi sem hann varð fyrir meðan hann sat inni. Hann segist vera barn stofnanna og hefur þessi lífsreynsla haft mikil áhrif á hann fram á fullorðinsár (Aron Pálmi Ágústsson, 2011).

Það er ljóst að margskonar meðferðir eru í boði sem hafa sína kosti og galla. Það er þó víst að ef börn sem brjóta á öðrum börnum fá ekki meðferð, eykst gríðarlega hættan á því að þau brjóti af sér aftur gagnvart börnum sem hefði verið hægt að bjarga ef gerandi hefði fengið viðeigandi meðferð. Ekki má gleyma að frekari brot skapa þjáningu meðal fleiri barna og valda auknum kostnaði fyrir kerfið og er það því hagur allra að ungir gerendur fái viðeigandi meðferð og stuðning (Calley, 2007).

7 Starf félagsráðgjafa með gerendum á barnsaldri

Hér verður rætt um þá þætti í starfi og þekkingu félagsráðgjafa sem gerir þá að vel hæfa til að starfa með börnum sem sýna óæskilega kynhegðun.

Félagsráðgjafar starfa eftir Siðareglum félagsráðgjafa og þar kemur fram í 1.gr að félagsráðgjafar starfi án þess að fara í manngreiningarálit og virði réttindi allra manneskja. Félagsráðgjafi kemur fram við skjólstæðinga sína af virðingu og heiðarleika og byggir upp traust í samskiptum sínum við þá. Það er grunnvöllur í starfi félagsráðgjafa að bera virðingu fyrir manngildi einstaklings og sérstöðu hans. Hann hefur trú á að einstaklingurinn geti nýtt hæfileika sína til fullnustu. Markmið félagsráðgjafa er að sporna við félagslegu ranglæti með vinnu að lausnum persónulegra og félagslegra vandamála (Landlæknir, e.d.)

Félagsráðgjafar starfa margir hjá barnaverndarnefndum. Hlutverk nefndanna er samkvæmt barnaverndarlögum að tryggja það að börn sem búa við óviðunandi aðstæður, börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu og börn sem sýna óviðunandi hegðun fái

nauðsynlega aðstoð. Það að barn sýni óæskilega kynhegðun og að annað barn verði fyrir henni fellur undir barnaverndarnefndir samkvæmt barnaverndarlögum.

Félagsráðgjafar tilheyra einu fagstéttinni á Íslandi sem fær beina kennslu í störfum barnaverndarnefnda og félagsmálalöggjafar. Auk þess fá þeir í sínu námi fræðslu um ofbeldi gegn börnum og ofbeldi í fjölskyldum. Félagráðgjafar hafa þekkingu á líðan og þroska barna. Þeir læra að þekkja einkenni ofbeldis og vanrækslu á börnum og áhættu- og verndandi þætti tengda því. Félagráðgjafar vinna í samvinnu við barn og foreldri og þurfa því að hafa samskiptafærni sem ýtir undir traust og gott andrúmsloft (Anni G. Haugen, 2008).

Félagráðgjafar þurfa líka að hafa yfirsýn yfir þau úrræði sem eru í boði og geta metið hvað hentar best hverju sinni. Nauðsynlegt er að þeir þekki sína eigin fordóma og viðhorf og hafi innsýn í tilfinningar sínar til að geta mætt því ofbeldi, sársauka, vangetu og vanlíðan sem oft finnst í starfi þeirra án þess að stjórnast eða bugast af tilfinningunum (Anni G. Haugen, 2008). Félagráðgjafar vinna út frá heildarsýn, það þýðir að þeir horfa á vanda einstaklingsins út frá ýmsum þáttum í samfélaginu. Félagráðgjafar sinna innan heilbrigðisþjónustunnar hér á landi einstaklings-, hóp-, og fjölskyldurmeðferð. Að auki vinna þeir meðal annars út frá vistfræði- og kerfishugsun, því að atburðir í sögu einstaklings og umhverfi hans hafa áhrif á einstaklinginn (Sigrún Júlíusdóttir, 2006; Landspítalinn, e.d.).

Félagráðgjafar sem starfa innan réttarvörslukerfisins eru kallaðir réttarfélagsráðgjafar og er það eitt af sérsviðum félagsráðgjafar. Réttarfélagsráðgjafar eru ein af fáum stéttum sem sameina þau tvö sérsvið sem einna helst snúa að gerendum, en það eru heilbrigðissvið og réttarvörslukerfið. Þeir skilja hegðun, þroska og líðan barna, þau áhrif sem samfélagið hefur á viðmið og gildi og áhættuþætti og verndandi þætti fyrir frekari afbrotahegðun. Einnig hvernig einstaklingurinn getur haldið geðheilsu og eigin sjálfsmynd sem einstaklingur en ekki bara fangi meðan hann er innan réttarvörslukerfisins (Rich,2011).

Talið er mjög mikilvægt að þeir sem vinna að meðferð ungra gerenda fái handleiðslu þar sem vinna við mat og meðferð getur verið erfið og snert bæði líf gerenda og fjölskyldu þeirra. Þjöguð viðhorf sem tengjast kynferðisofbeldi og lýsingar af kynferðisbrotum geta valdið mikilli streitu og kulnun (Ólafur Örn Bragason, 2011).

Handleiðsla á sér langa sögu í félagsráðgjöf. Markmiðið með henni er að sá sem fær handleiðslu geti notið sín að fulli í starfi sínu. Hlutverk handleiðara er að hlusta, hvetja, styðja fagmanninn og veita honum upplýsingar. Góður handleiðari getur komið auga á takmarkanir

starfsmanns og unnið með starfsmanninum til að leiðrétta þær. Þar sem starfsmenn vinna með vandamál fólks er stuðningshandleiðsla mikilvæg. Hún fellst í að hlusta á tilfinningar starfsfólks og gera þeim kleift að halda áfram vinnu án þess að bugast undan streitu og álagi. Markmið hennar er að auka starfsánægju og starfsanda starfsmanna. Félagsráðgjafar hafa færni og menntun til að veita starfsmönnum á heilbrigðisviði handleiðslu og stuðla að betri samskiptum og vera fyrirmynd þeirra (Steinunn Hrafnisdóttir og Anna Rós Jóhannsdóttir, 2006).

Það er ljóst að sú menntun og færni sem félagsráðgjafar hafa gerir þá tilvalda til að starfa með ungum gerendum. Þá sérstaklega réttafélagsráðgjafar sem hafa einstaka þekkingu á heilbrigðisviði og á réttarvörsluferfinu. Að auki eru flestir félagsráðgjafar í handleiðslu sem þykir nauðsynleg þegar unnið er með eins erfið mál og kynferðisbrot barna eru (Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

8 Umræða

Kynhegðun barna er forboðið umræðuefni og ekki síst þegar kynhegðunin er óæskileg og skaðleg öðrum börnum. Engin ein skilgreining er til á kynferðisofbeldi og er það talið vera vegna skorts á viðmiðum. Hulme(2004) gagnrýndi þessa stöðu og vill að fræðimenn komi sér saman um skilgreiningu. Telur hún að kynferðisofbeldi án snertingar eigi að telja með, en taka eigi út viðmið um aldursmun á þolanda og geranda og kröfuna um að líkamlegu valdi hafi verið beitt.

Erfitt er að bera saman tíðnitölur vegna ólíkra rannsóknaraðferða en það er ljóst að kynferðisafbrot hafa aukist og þáttur ungra gerenda er stór (Hrefna Ólafsdóttir, 2011). Klámáhorf íslenskra unglinga er áhyggjuefni, íslenskir ungmenni eru útsett mjög ung fyrir klámi og augljóst að slíkt áhorf hafa áhrif á viðmið varðandi kynlíf. Rannsóknir hafa einnig sýnt það að barn horfi á klám ungt sé áhættuþáttur fyrir skaðlegri kynhegðun í framtíðinni (Freydís Jóna Freysteinsdóttir og Ástrós Benediktsdóttir, 2017; Hunter, 2012a; Vandiver, 2010).

Kynhegðun barna er mikið tabú en er í langflestum tilfellum heilbrigð og eðlileg. Fagfólk og fólk sem vinnur með börnum verður þó að vera vakandi til að geta komið auga á

kynhegðun sem er ekki eðlileg fyrir aldur og þroska barns, til að geta veitt því barni og mögulegum þolendum þá aðstoð sem þarf (Ólafur Örn Bragason, 2011).

Sakhæfisaldur barna er 15 ár og eru flest börn sem brjóta af sér vistuð í úrræði á vegum Barnaverndarstofu. Hins vegar er algengt í Bandaríkjunum að börn séu dæmd til vistar í unglíngafangelsum. Aron Pálmi (2011) hefur lýst hræðilegri reynslu sinni af slíkum úrræðum. Höfundur þykir ljóst að börn eigi ekki heima í fangelsi, sértæk úrræði séu mun betri kostur og gott að vita til þess að börn séu ekki almennt vistuð í fangelsum hér á landi þótt sérstakar aðstæður geti orðið til þess að svo sé gert. Að sama skapi er gott að vita til þess að mælt sé með refsilækkun þegar kemur að ungum gerendum, enda má ekki gleyma því að þeir eru fyrst og fremst börn en ekki glæpamenn.

Tengslakenning Bolwby og Ainsworth á vel við þegar fjallað er um unga gerendur í kynferðisbrotum. Stór hluti þeirra á mjög erfitt með að mynda tengsl og hefur ekki góð tengsl við fjölskyldu sína. Þeir koma oft frá erfiðum heimilum þar sem ofbeldi og vanræksla viðgengst. Þeir félagsráðgjafar í barnavernd sem vinna með fjölskyldum þar sem ofbeldi og vanræksla er til staðar vinna mikilvægt hlutverk við að styðja fjölskyldur og hjálpa þeim að mynda betri tengsl (Beckett og Taylor, 2016; Pithers, Gray, Busconi og Houchen, 1998).. Félagsskennirinn á líka við hér og kannski sérstaklega þegar horft er til þess hve áhorf íslenskra unglínginga á klám er gífurlega algengt. Þar læra þeir hegðun og viðhorf sem fylgja þeim út í samfélagið. Fræðsla og forvarnir sem koma að kynheilbrigði unglínginga er eitthvað sem félagsráðgjafar gætu beitt sér í (Helgi Gunnlaugsson, 2008; Hunter, 2012a; Siegel, 2014; Vandiver, 2010). Vistfræðikenningin á líka við um þennan hóp en oftast en ekki gengur þessum börnum illa á mörgum sviðum. Þau eiga erfitt heima fyrir, eiga erfitt í skólanum, sýna oft ýmiss konar andfélagslegri hegðun, eru kvíðin og einangra sig og því þarf að fylgjast vel með þessum börnum og styðja þau (Ólafur Örn Bragason, 2011; Rich, 2011).

Með vísun í fyrri hluta rannsóknarspurninguna um hvað einkennir unga gerendur sem brjóta kynferðislega á öðrum börnum. Gerendur á barnsaldri eru afar misjafnir en þeir koma oft úr svipuðum aðstæðum. Á heimilinu getur verið ofbeldi eða vanræksla og lítil samheldni innan fjölskyldunnar. Börnum í slíkum aðstæðum gengur oft illa í skóla og gengur illa að tengjast jafnöldrum sínum. Nokkur hluti gerenda hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og glímur við áfallastreituröskun. Það er mikilvægt að koma til móts við þennan hóp. Stúlkur sem brjóta af sér á kynferðislegan hátt eru yngri og brot þeirra eru vægari en hjá drengjum.

Mikilvægt er að muna að þrátt fyrir að stór hluti gerenda hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi þýðir það ekki að stór hluti þeirra sem verði fyrir kynferðisofbeldi verði gerendur, heldur einungis að börn sem beita óæskilegri kynhegðun eru líklegri til hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi en aðrir (Pithers, Gray, Busconi og Houchen, 1998). Mikilvægast er að muna að börn sem brjóta á öðrum börnum eru börn. Þau eru börn með vandamál, jafnvel vandamál sem getur skaðað önnur börn en þau eru ekki geðsjúklingar eða harðsvíðarir kynferðisafbrotamenn, fyrst og fremst eru þau börn (Rich, 2011).

Með vísan í síðari hluta rannsóknarspurningarinnar um hverskonar meðferð sé á boðstólum fyrir gerendur á barnsaldri. Hér á landi sinnir sálfræðiteymi á vegum Barnaverndarstofu stærstum hluta gerenda á barnsaldri. Þar er unnið út frá hugrænni atferlismeðferð og mælt er til þess að fjölskyldan taki sem mestan þátt í meðferðinni (Ólafur Örn Bragason, 2011). Í Bandaríkjunum eru fjölmörg úrræði í boði fyrir unga gerendur. Þau sem eru helst notuð eru fjölskyldumeðferð, hópmeðferð og einstaklingsmeðferð. Hér á landi er ekki notast við hópmeðferð þrátt fyrir að rannsóknir erlendis frá sýni að hún gefi mjög góða raun fyrir gerendur sem eru undir 18 ára aldri til að þeir geti meðal annars lært hvert af öðru og séð að þau eru ekki ein (Rich, 2011).

Félagsráðgjafar vinna mikið með börnum og fjölskyldum þeirra. Þeir vinna að mannréttindum allra og starfa án manngreingar álitis. Því eru þeir tilvaldir til að starfa með hópum fólks sem sýna hegðun sem er fordæmd í lögum og viðmiðum samfélagsins. Í starfi sínu er nauðsynlegt að þeir hafi góða samskiptafærni til að þeir geti unnið náið með fjölskyldum sem glíma við vandamál. Þeir hafa einstaka þekkingu á barnavernd réttindum barna, þroska þeirra og nánast öllu sem kemur að börnum. Réttarfélagsráðgjafar hafa einstaka þekkingu þegar kemur að samspili réttarvörslukerfisins og heilbrigðiskerfisins sem er gríðarlega mikilvægt þegar unnið er með unga gerendur með það markmið að óæskilega kynhegðun endutaki sig ekki. Það er því synd að enginn félagsráðgjafi hér á landi starfi við meðferð ungra gerenda á vegum barnaverndar því þeir eru augljóslega starfinu vaxnir (Anni G. Haugen, 2008, Rich, 2011; Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

9 Heimildaskrá

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Anna Kristín Newton og Þórarinn Viðar Hjaltason. (2011). Umfang kynferðisbrota gegn börnum. Mat á gerendum og meðferð. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur* (bls. 529-546). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Anni G. Haugen. (2008). Barnaverndarstarfsmenn, kröfur og menntun. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum IX – félags- og mannvísindadeild, félagsráðgjafadeild, sálfræðideild og stjórn málafræðideild* (bls. 356-367). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Anni G. Haugen og Hrefna Friðriksdóttir. (2014). *Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Málsmeðferð réttarkerfisins og réttarvernd barna*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex

Aron Pálmi Ágústsson. (2011). Í fjötrum fortíðar: Fangi númer 898648. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur* (bls. 547-552). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Barnett, O. W., Miller-Perrin, C. L., og Perrin, R. D. (2011). *Family violence across the lifespan: An introduction*. Thousand Oaks: Sage Publications.

Barnahús. (e.d.). *Kynferðisleg hegðun barna. Hvað er eðlilegt?*. Sótt af <http://www.bvs.is/media/barnahus/Bangsabaeklingur.pdf>

Barnalög nr.76/2003.

Barnaverndarlög nr.80/2002

Barnaverndarstofa. (2017). *Lykiltölur Barnaverndarstofu 2017*. Sótt af <http://www.bvs.is/media/almeningur/Lykiltolur-Barnaverndarstofu-2017.pdf>

Barnaverndarstofa. (e.d.a). *Meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu*. Sótt af <http://www.bvs.is/media/skjol/2hluti.pdf>

Barnaverndarstofa. (2014). *Markmið og leiðbeiningar fyrir fjölkerfameðferð (MST)*. Sótt af <http://www.bvs.is/media/eydyblod-v-medferdar/Markmid-og-leidbeiningar-endurskodud-2014.pdf>

Beckett, C. and Taylor, H. (2016). *Human Growth and Development*. (3ja útgáfa) London: SAGE.

Bronfenbrenner, U. (1979). *The ecology of human development: Experiments by nature and design*. Cambridge, Mass: Harvard University Press

- Bronfenbrenner, U. (1994). Ecological models of human development. Í M. Gauvain og M. Cole (ritstjórar), *Readings on the development of children* (2. útgáfa, bls. 37-43). New York: Freeman.
- Bryndís Björk Ásgeirsdóttir. (2011). Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum sem áhættuþáttur tilfinninga- og hegðunarvandamála. Rannsókn meðal framhaldsskólanema á Íslandi. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur* (bls. 269–295). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Butchart, A., Harvey, A. P., Mian, M., og Furniss, T. (2006). *Preventing child maltreatment: A guide to taking action and generating evidence*. World Health Organisation and International Society for Prevention of Child Abuse and Neglect. Genf.
- Calley, N. G. (2007). Integrating theory and research: The development of a research-based treatment program for juvenile male sex offenders. *Journal of Counseling & Development*, 85(2), 131-142. DOI 10.1002/j.1556-6678.2007.tb00455.x
- Collin-Vézina, D., Fast, E., Hélie, S. Cyr, M., Pelletier, S. og Fallon, B. (2014). Young offender sexual abuse cases under investigation: Are sibling cases any different?. *Child welfare*. 93(4). 91-111.
- Davíð Þór Björgvinsson. (2011). Alþjóðaskuldbindingar um vernd barna gegn kynferðisofbeldi. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur* (bls 23-54). Reykjavík: Háskólaútgáfa
- DeLisi, M., Kosloski, A.E., Vaughn, M.G. Caudill, Trulson, J.W. (2014). Does childhood sexual abuse victimization translate into juvenile sexual offending? New evidence. *Violence and victims*. 29(4). 620-635. DOI 10.1891/0886-6708.VV-D-13-00003
- Edda: Center of Excellence. (2013). Einkenni og meðferð nauðgunarmála sem bárust lögreglu á árunum 2008 og 2009. Samantekt á helstu niðurstöðum. Sótt af <https://edda.hi.is/wp-content/uploads/2013/04/Samantekt-a-nidurstodum-rannsoknar-um-einkenni-og-medferd-naudgunarmala.pdf>
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2012). Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF). (2.útgáfa). Sótt af <http://www.bvs.is/media/verklagsreglur/SOF-090215-3.pdf>
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir og Ástrós Erla Benediktsdóttir. (2017). Sexual behaviour, sexual health and pornography consumption among secondary school students in Iceland. *Research in health science*. 2(1). 55-69
- Guðrún Jónsdóttir. (2011). *Sifjaspell*. Reykjavík: Stígamót.
- Helgi Gunnlaugsson. (2008). Afbrot á Íslandi. Háskóli Íslands: Háskólaútgáfan.
- Hrefna Ólafsdóttir. (2011). „Börn þvinguð til kynlífs“. Rannsókn á kynferðislegri misnotkun á börnum. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur* (bls. 235-267). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Hulme, P.A. (2004). Retrospective Measurement of Childhood Sexual Abuse: A Review of Instruments. *Child maltreatment*. 9(2), 201-217. DOI 10.1177/1077559504264264
- Hunter, J.,A. (2012a). Patterns of sexual offending in juveniles and risk factors. Í Ryan, Eileen, P., Hunter, John, A., Murrie, Daniel, C. *Juvenile Sex Offenders: A Guide to Evaluation and Treatment for Mental Health Professionals* (bls. 34-53). New York: Oxford University Press.
- Hunter, J.,A. (2012b). Management and treatment methods. Í Ryan, E. P., Hunter, J. A., Murrie, D. C. *Juvenile Sex Offenders: A Guide to Evaluation and Treatment for Mental Health Professionals* (bls. 175-192). New York: Oxford University Press.
- Knight, R. A. (2004). Comparison between juvenile and adult sexual offenders on the multidimensional assessment of sex and aggression. Í O'Reilly, G., Marshall, W.L., Carr, A., Beckett, R. (ritstjórar). *The handbook of clinical intervention with young people who sexually abuse*. (bls. 203-233). London: Routledge.
- Landlæknir. (e.d.). *Síðareglur félagsráðgjafa*. Sótt af <https://www.landlaeknir.is/gaedi-og-efartilrit/heilbrigdisstarfsfolk/starfsleyfi/sidareglur/item13340/>
- Landspítalinn. (e.d.) *Félagsráðgjöf*. Sótt af <https://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/deildir-og-thjonusta/felagsradgjof/>
- Lovísa Arnardóttir. (2013). Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir. Í Bergsteinn Jónsson, Sigríður Víðis Jónsdóttir og Stefán Ingi Stefánsson (ritstjórar), *Kynferðislegt ofbeldi*. Reykjavík: UNICEF á Íslandi.
- Murrie, D. C. (2012). Placing sexual behavior problems in context. Í Ryan, E.P., Hunter, J. A., Murrie, D. C., (ritstjórar). *Juvenile Sex Offenders: A Guide to Evaluation and Treatment for Mental Health Professionals*. (bls. 21-33). New York: Oxford University Press.
- Nelson, M. (2007). Characteristics, treatment and practitioners perceptions of juvenile sex offenders.. *Journal For Juvenile Justice Services*, 21(1/2), 7-16.
- Ólafur Örn Bragason. (2011) Sálfræðilegt mat og meðferð ungra gerenda kynferðisbrota. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur* (bls. 269–295). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir. (2013). *Verndum þau*. Reykjavík: Mál og menning.
- Pithers, W, D., Gray, A., Busconi, A. og Houchen, P. (1998). Children with sexual behavior problems: Identification of five distinct child types and related treatment considerations. *Child maltreatment*.4(3). 384-406.
- Reglugerð um afplánun sakhæfra barna nr.533/2015*
- Rich, P. (2011). *Understanding, assessing and rehabilitating juvenile sexual offenders* (2.útgáfa). New Jersey: John Wiley & sons.

- Ragnheiður Bragadóttir. (2011). Refsingar fyrir kynferðisbrot gegn börnum. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur* (bls 173-190). Reykjavík: Háskólaútgáfa
- Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir. (2005). *Brotá þolar, lögreglan og öryggi borgaranna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ronis, Scott, T. og Borduin, Charles, M. (2007). Individual, family, peer, and academic characteristics of male juvenile sexual offenders. *Journal of abnormal child psychology*. DOI 10.1007/s10802-006-9058-3
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr.18/1992.*
- Siegel, L. J. (2014). *Criminology: Theories, patterns, and typologies.*(12. útgáfa). Belmont, CA: Wadsworth/Cengage Learning.
- Sigrún Júlíusdóttir (2006). Félagsráðgjöf í heilbrigðiskerfi – eitt sérfræðisvið. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Guðmundsson (ritstj.). *Heilbrigði og Heildarsýn: félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu*. (bls. 33-48). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Steinunn Hrafnisdóttir og Anna Rós Jóhannsdóttir. (2006). Handleiðsla og stuðningur á vinnustað. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson. (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 285-295). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Svala Ísfeld Ólafsdóttir. (2011). Refsiákvæði sem varða kynferðisbrot gegn börnum(107). Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur* (bls 23-54). Reykjavík: Háskólaútgáfa
- Vandiver, D. M. (2010). Assessing gender differences and co-offending patterns of a predominately „male-oriented“ crime: A comparison of a cross national sample of juvenile boys and girls arrested for sexual offense. *Violence and victims*. 25(2). 243-264.
- Þingskjal nr. 1058/2003-2004. *Skýrsla dómsmálaráðherra um gerendur í kynferðisbrotamálum og meðferðarúræði þeim til handa, samkvæmt beiðni*. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/130/s/1058.html>.
- Þórdís Elva Þorvaldsdóttir. (2009). *Á mannamáli*. Reykjavík: JPV